

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr 300

febrúar 2017



We Serve

Febrúar 2017. Blað nr. 300
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumdaemi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farski, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritíð Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionskrífstofan, Sóltúni 20, 105

Reykjavík er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122

Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrífstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2016 – 2017

Fjölumdaemisstjóri: Árni Brynjólfur

Hjaltason, Lkl. Njarðvík

Umdæmisstjóri 109A: Gunnar

Vilbergsson, Lkl. Grindavíkur.

Umdæmisstjóri 109B: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán.

Fjölumdaemisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.

Fjölumdaemisgjaldkeri: Guðmundur

Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar

Fráfarandi fjölumdaemisstjóri:

Guðmundur Helgi Gunnarsson,

Lkl. Fjörgyn.

Vara fjölumdaemisstjóri: Jón Pálmason

Lkl. Viðar.

Protokol- og þingstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar

Fríðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Hörður Sigurjónsson,

Lkl. Njörður.

Umhverfisstjóri: Kristófer A. Tómasson,

Lkl. Geysi

Ritstjóri Lion: Þorkell Cýrusson,

Lkl. Búðardals.

Netstjóri: Skúli Guðmundur

Ingvarsson, Lkl. Borgarness.

NSR 2017 formaður þingnefndar:

Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn.

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson, Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):

Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafa.

GMT/konur í Lions: Hrund

Hjaltadóttir, Lkl. Fold

NSR-AU nefndarmaður/

Lestaráttaksstjóri: Hrund Hjaltadóttir,

Lkl. Fold.

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. alþjóða-

stjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar.

Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson,

Lkl. Seltjarnarness.

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís

Þorsteinsdóttir, Lkl. Aesa.

Ungmennaverkefnastjóri:

Ósk Aradóttir, Lkl. Uu.

LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnar-

maður: Jón Bjarni Þorsteinsson

Lkl. Mosfellsbæjar.

Afmælisnefnd Lions: Pálmi Hannesson,

Lkl. Garður

MedicAlert stjóri: Lúdvík Andreasson,

Lkl. Tý.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,

Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar:

Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Laganefnd (form.): Áslaug

Þórarinsdóttir, Lkl. Búðardals

Lions Quest stjóri: Magnús J.

Magnússon, Lkl. Selfoss.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Daníel

Þórarinsson, Lkl. Nirði.

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.

Skoðunarmaður (vara): Benjamín

Jóspesson, Lkl. Akranes



Fjölumdaemisstjóri ásamt umdaemisstjórum.

Varamdaemisstjóri 109A: Ellert Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar.

Varamdaemisstjóri 109B: Björn

Guðmundsson, Lkl. Hæng.

Varamdaemisstjóri (annar) 109A:

Geirþrúður Fanney Bogadóttir,

Lkl. Aesa.

Varamdaemisstjóri (annar) 109B:

Sigríð Andradóttir, Lkl. Búðardals.

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2015 – 2016:

International President: Robert „Bob“

E. Corlew USA

Immediate Past President: Dr. Jitsuhiro

Yamada Japan

First Vice President: Naresh Aggarwal

Indland

Second Vice President: Guðrún Björt

Yngvadóttir Ísland

First Year Directors

Bruce Beck,

Tony Benbow,

K. Dhanabalan,

Luiz Geraldo Matheus Figueira,

Markus Flaaming,

Elisabeth Haderer,

Magnet Lin,

Sam H. Lindsey, Jr.,

N. Alan Lundgren,

Joyce Middleton,

Nicolin Carol Moore,

Yasuhisa Nakamura,

Aruna Abhey Oswal,

Vijay Kumar Raju Vegesna,

Elien Van Dille,

Jennifer Ware,
Jaepung Yoo.

Second Year Directors:

Melvyn K. Bray,

Pierre H. Chatel,

Dr. Eun-Seouk Chung,

Gurcharan Singh Hora,

Howard R. Hudson,

Sanjay Khetan,

Robert M. Libin,

Richard Liebno,

Helmut Marhauer,

William L. „Bill“ Phillipi,

Lewis Quinn,

Yoshiyuki Sato,

Gabriele Sabatosanti Scarpelli,

H. Jerome Thompson,

Ramiro Vela Villarreal,

Roderick Paul Wright.

Katsuyuki Yasui

Upplag: 2400 eintök – Pökun og

dreifing: Lionsklúbburinn Úa,

Mosfellsbæ.

Umbröt og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Guðrún Björt ásamt Ástu

Sigurrosu Sigmundsdóttir. Ásta er

eina af 11 lionsfélögum í Skandinavíu

sem náð hafa 100 ára aldri. Í blaðinu

má lesa grein um Ástu. Myndina tók

Jón Pálmason.



Ritstjórnargreinin

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er fjórða tölublað starfsársins komið út. Þetta blað er þrjúhundraðusta blaðið samkvæmt númeri tölublaðsins. Þetta blað er að einhverju leiti helgað 100 ára afmæli lionshreyfingarinnar. Það er erfitt að helga allt blaðið afmælinu því það eruð þið kærur félagar sem skrifa greinarnar í blaðið og koma ýmisleg málefni þar fyrir sem er af hinu góða.

Það kennir ýmissa grasa í þessu blaði meðal annars er fjallað um NSR þingið sem haldið var í Reykjavík í janúar og tókst í alla staði mjög vel að mínu mati. Bæði voru umfjöllunarefni þess góð og umræður afar góðar tengdar þeim. Þar kom fram að einn lionsfélagi, Ásta Sigurrós Sigmundsdóttir, er jafngömul hreyfingunni eða 100 ára og er sérstök grein í þessu blaði um þá heiðurskonu. Sú grein var síðan þýdd yfir á ensku og kemur í blaði alþjóðarhreyfingarinnar á næstu misserum. Þess má geta að Ásta er í hópi 11 lionsfélaga á Norðurlöndum sem hafa náð þessum áfanga.

Í næsta blaði verður kynning á þeim frambjóðendum sem bjóða sig fram til embætta í hreyfingunni fyrir næsta starfsár.

Ég vona að þið haldið áfram að skrifa í blaðið á komandi misserum því það er að mínu viti ákaflega mikilvægt að heyra um hin ýmsu málefni sem eru í gangi í klúbbunum.

Netfang Lionsblaðins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Verum hluti af magnaðasta Alþjóðþingi Lions sem haldið hefur verið

Pistill Alþjóðaforseta

Bob Corlew

alþjóðaforseti



Á fyrstu árum lionsshreyfingarinnar skifaði lionsblaðið um furðulegar ferðir margra lionsfélaga á Alþjóðþinginn. Þeir flugu. Það minnr okkur á hvað Lions hefur verið lengi í

gangi. Flug þá var ekki bara nýjung, heldur gat líka verið hættulegt um borð í veikburða, handsmiðuðum, loftskrufudrífnum tækjum. Nú er sama hvar þú býrð, þá er auðvelt að komast á Alþjóðþingið sem verður 30.júní til 4.júlí í Chicago. Þó að þing fyrri ára hafi verið flott og lionsfélagar hafi gjarnan fleygt fram „þetta var það besta sem hefur verið haldið“, þá munu þau ekki standa samanjöfnuð við það sem er framundan. Það er vegna þess að hundrað kerta afmælskakan og hundrað ára afmælið verður hlaðið af skemmtikröftum og afþreyingu í hæsta gæðaflokk. Það verður sko ekkert til sparað á stórfenglegasta þingi sem við höfum haldið. Það getur heldur ekkert toppað „þingborgina“. Við komum saman í Chicago vegna þess þar byrjaði Lionsshreyfingin og þar eru höfuðstöðvarnar. Borgin er einnig séstök þar sem hún stendur á fallegum vatnsbakkanum með fallegum byggingum og ótal menningarlegum hlutum. Það er eitt við svona þing, sérstaklega þetta, að það er svo mikið að gera á svo stuttum tíma. Hver dagur er hlaðinn af vinskapi, hafa gaman saman og læra. Þú hittir og spjallar við lionsfélaga frá meira en 120 löndum og deilir

jafnvel málsverði með einhverjum þeirra. Þú tekur þátt í Alþjóðaskrúðgöngunni í miðborginni, tekur þátt í áhugaverðum námsstefnum, kýst um framtíð hreyfingarinnar og gleðst yfir flottum skemmtikröftum og frægum ræðumönnum. Ef þér þykir gaman að vera lionsfélagi þá muntu njóta þess að taka þátt í þinginu. Aldarafmælið okkar brúar bilið milli tveggja lionsalda. Við heiðrum minningu þeirra lionsfélaga sem gerðu okkur kleift að vera það sem við erum í dag og byggja undirstöður fyrir næstu hundrað ár. Ég hvet ykkur til að vera hluti af þessum sögulega viðburði og vonast til að hitta ykkur í Chicago.

*Chancellor Bob Corlew
Alþjóðaforseti Lions*

Þýðing: Geir Hauksson

„Í frásögur færandi“

Geirþrúður Fanney Bogadóttir

2. varaumdæmisstjóri 109 A



Frá því að ég tók við sem 2. varaumdæmisstjóri 109 A, hef ég lagt mig fram um að kynna mér Lionsshreyfinguna á breiðari grundvelli en áður. Ég hef notið þeirra forréttinda að fá að heimsækja klúbba og kynnast mismunandi áherslum þeirra. Enn og aftur er ég snortin af því hve víðfemt lionsstarfið er. Fjölbreytileiki verkefna á sér lítil takmörk.

Ég hef um leið hugleitt hvort við lionsfélagar séum feimin við að vekja athygli á verkefnum sem klúbbarnir okkar vinna að. Feimni er kannski ekki rétta orðið en hugsanlega eitthvað í þá veru. Persónulega get ég svarað því játandi. Ég segi stundum vinnufélögunum frá áhugaverðum fyrirlesara sem hafi komið á fund í lionsklúbbum mínum en læt oft ógert að segja frá þeim verkefnum sem klúbburinn er að fást við hverju sinni. Ég þykist vita að ég tali

fyrir munn margra hvað þetta varðar. En auðvitað ættum við að ræða störf og mikilvægi hreyfingarinnar hvar og hvenær sem færi gefst. 100 ára afmæli Lions er til dæmis enn eitt góða tilefnið fyrir okkur lionsfélaga til að fá birtar greinar um störf klúbbanna okkar, fyrr og nú.

Kæru félagar. Segjum frá, grípum pennann og nýtum hvert tækifæri til að vekja athygli á hinu öflugra starfi sem unnið er undir merkjum Lions, því það er sannarlega í frásögur færandi.

Með lionskveðju.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 23. mars

Fjölumdæmisstjóri

Árni Brynjólfur Hjaltason

Fjölumdæmisstjóri



Kæru Lionsfélagar

Pann 1. desember 2016 flutti Lions-hreyfingin á Íslandi starfsemi sína úr Sóltúni 20 í nýtt húsnæði að Hlíðasmára 14 í Kópavogi. Vinna við breytingar eru í gangi, en við vonumst til að allt verði klárt í byrjun

mars. Endilega kíkidið við í kaffi þegar þið eigið leið hjá og skoðið nýtt húsnæði hreyfingarinnar.

Norðurlandaping Lions (NSR) var haldið dagana 19.-21. janúar á Radison Blu Hótel Sögu. Undirbúningur þingsins var í höndum Þórs Steinarssonar, sem var formaður nefndarinnar, Margrétar Jónsdóttur og Harðar Sigurjónssonar. Ég vil þakka nefndinni kærlega fyrir góðan undirbúning og gott skipulag, en fundarmenn höfðu á orði hversu skipulagt og vel heppnað þetta þing var. Ykkur hinum sem komu að þinginu á einn eða annan hátt, vil ég þakka kærlega fyrir ykkar framlag.

Við fjölumdæmisstjórar Norðurlandanna ákváðum að allt efni yrði rafrænt, enginn pappír, þannig að þátttakendur nálguðust allt efni á heimasíðu Lions. Tölvusérfræðingarnir okkar þeir Skúli G. Ingvarsson og Jón Pálmason sáu til þess að á þessu þingi yrði lítil sem enginn pappír notaður.

Við megum öll vera stolt af því hversu vel tókst til.

Við setningu NSR þingsins spiluðu íslensk ungmenni sem spilað hafa með Orkester Norden, sínfóníuhljómsveit ungs fólks frá Norðurlöndunum.

Mjög gaman var að heyra hversu flott okkar tónlistarfólk er.

Ásta Sigmundsdóttur 100 ára stofnfélagi í Lkl.Ýr í Kópavogi og Melvin Jones félagi, var heiðruð af alþjóðaforseta í tilefni af 100 ára afmæli Lions.


Guðrún Björt Yngvadóttir annar vara alþjóðaforseti afhenti henni viðurkenninguna á NSR þinginu. Til hamingju Ásta og Lkl. Ýr.

Helgina 11.-12. febrúar var fyrri helgin í Leiðtogaskóla Lions, en vel yfir 20 félagar eru skráðir í skólann þetta árið. Seinni helgin verður 11.-12. mars.

Pann 25. febrúar mun Lionshreyfingin standa fyrir málþingi, Börn í áhættu: Lestrarvandi. Þetta er lestrarátak er alþjóðlegt lionsverkefni: Barátta gegn treglæsi. Að þessu sinni verður það haldið á Akureyri, en í nóvember í fyrra var haldið annað eins málþing í Reykjanesbæ.

Undirbúningur fyrir fjölumdæmisþingið er í fullum gangi, en formaður þingnefndar er Halldór Runólfsson.

Þetta þing verður hið glæsilegasta og hvet ég lionsfélaga um allt land að fjölmenna og taka þátt í tilefni af 100 ára afmæli Lions-hreyfingarinnar.



Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga.

Með vináttu leggjum við klúbbnum okkar lið

Björg Bára Halldórsdóttir

umdæmisstjóri 109B



Heil og sæl vinir í Lions og gleðilegt ár. Tíminn líður hratt á gervihnattaöld eins og segir í Eurovision textanum góða. En Lionsfélagar sitja ekki auðum höndum og nýta tíma sinn vel. Verkefni og styrkirnir síðustu misserin eru í tuga ef ekki hundraðatali og það eru ansi margar milljónir og nokkur handtökin sem hafa farið til góðra málefna. Til hamingju Lionsfélagar og látið það heyrast!

Mig langar í þetta sinn að deila með ykkur hugleiðingum mínum um félagamálin og kynjahlutföll í umdæminu. Við erum með öflugt teymi sem heitir „GMT Konur í Lions“, sem kallað er „More women in Lions“ upp á enska

tungu. Markmið teymisins er beinlínis að stuðla að fjölgun kvenna í Lions í heiminum í 50% féлага en það hlutfall er núna undir 30%.

Í byrjun starfsárs voru konur í B umdæminu undir 30% en eru núna um 39%, til samanburðar eru öll Norðurlöndin vel undir 30%. Þó víða í heiminum sé hlutur kvenna stærri í félagafjölda eru Norðurlöndin í toppsætum hvað kvenleiðtoga varðar. B umdæmið stendur reyndar mjög vel í alþjóðlegum samanburði hvað konur varðar með 39% féлага konur, 66% umdæmisstjóra, 44% umdæmisfulltrúa og 60% svæðisstjóra líka konur, kannski heimsmet?

En aftur að Lionsfélögum, það er reglulega ánægjulegt að hlutur kvenna skuli stækka í umdæminu og ég sem Umdæmisstjóri er auðvitað að springa úr stolti yfir því. En eigum við ekki að skoða tölurnar aðeins nánar? Þegar rýnt er í þær kemur í ljós að skýringin liggur ekki bara í fjölgun nýrra kvenkyns Lionsfélaga 21 kona á móti 10 körlum, heldur eru fleiri karlar sem hætta en konur, 30/16. Ég segi eins og góður maður sagði oft í den „Af þessu hef ég virkilegar áhyggjur, ég verð að segja það“, og ég meina það! Eitthvað erum við að gera rangt úr því að þessu er svona farið og brýnasta verkefni okkar er þá í raun ekki beint að fjölga konum heldur það að minnka brottfall karla. Einnig kemur í ljós að félögum fjölgar á sterkum svæðum en fækkar á veikum svæðum svo það er líka okkar framtíðarverkefni að styrkja veiku svæðin og þá kannski út frá sterku svæðunum.

Hvað skal til bragðs taka fyrir veikan klúbb. Að mínu mati er það fyrst og fremst að hlúa að sínum félögum, passa upp á að allir fái verkefni við hæfi, virkja jafnvel meðmælendur til að sjá um sína og tryggja að öllum líði almennt vel í klúbbnum. Fá námskeið í klúbbinn, GLT teymið býður upp á nokkur námskeið sem hafa lífgað starf klúbba. Hafa fundina skemmtilega og innihaldsríka og hreinsa andrúmsloftið þegar það þarf og halda svo áfram á góðum nótum. Halda anda vináttu í klúbbnum svo allir geti hlakkað til næsta fundar.

Skoða má samstarf eða sameiningu klúbba til að styrkja starfið og svo er alltaf sá möguleiki að fólk færi sig á milli klúbba líði þeim ekki vel í sínum klúbbi.

Annað er það sem hægt er að gera og það er að breyta klúbbnum í blandaðan klúbb. Lionsklúbbur Grundarfjarðar er dæmi um klúbb sem fór þá leið öllum til farsældar. Mjög öflugur karlklúbbur í áratugi en var í lægð um aldamótin og stokkaði þá upp og ákvað að „blanda“ klúbbinn. Síðan hefur starfið blómstrað og á þessu starfsári verða teknir inn 13 nýir félagar bæði hjón og einstaklingar. Allavega skoðunar virði fyrir einhverja klúbba, ekki satt?

Haldið áfram ykkar góða starfi kærur félagar, klúbbnum ykkar til góðs og hafið hreinskilni og umburðarlyndi að leiðarljósi, það eru ekki allir eins.

Sigfríð Andradóttir, GLT fulltrúi

og 2 vara umdæmisstjóri 109B



Ágætu lionsfélagar

Nú fer þessu starfsári senn að ljúka, það hefur ekki reynt mikið á mig sem 2 vara umdæmisstjóri í vetur, vegna veðurs (já ég sagði veðurs) og hefur mér ekki tekist að heimsækja fleiri en 2 lionsklúbba. En það stendur til bóta. Þessir 2 klúbbar eru mjög öflugir og sterkir klúbbar, hvor á sinn hátt og eru að vinna að sínum málum, að láta gott af sér leiða bæði í heimabyggð og á alþjóðavísu.

Lionsklúbbar allstaðar á landinu hafa verið að vinna í sínum málum eins og þeim er von og vísa, það vitum við öll hér á Íslandi. Góð málefni sum smá en önnur stór og viðamikil. En þá kemur að vandanum, allt of fáir klúbbar láta vita út á við um það. Við verðum að auglýsa okkur betur í nærsamfélaginu.

Einnig þurfum við að vera betri í að skrá verkefni okkar á alþjóðavefinn, það er eitt af verkefnum ritarans, þess vegna er mikilvægt að verðandi ritarar mæti á þingið sem verður haldið í Reykjavík í apríl næstkomandi.

Skráning á þingið er hafið og skulum við öll stefna á að fjölmenna á það en þar verða mikilvæg málefni á dagskrá eins og ný lög fyrir lionshreyfinguna á Íslandi, bæði fyrir umdæmin svo og fjöllum-dæmið. Við verðum að mæta til að láta okkar skoðun í ljós og hafa áhrif á framtíð hreyfingarinnar á Íslandi.

Með lionskveðju.

Pistill frá Umdæmisstjóra 109 A

Gunnar E. Vilbergsson

umdæmisstjóri 109A



Ágætu Lionsfélagar. Ég vil byrja á því að óska ykkur gleðilegs árs og velfarnaðar á árinu sem gengið er í garð.

Starfsárið er farið að stytast í annan endann og kominn tími til að huga að fjölmæðisþinginu sem er á Hótel Sögu í apríl. Klúbbar þurfa að fara að huga að þátttöku. Það skiptir máli að taka þátt og hafa áhrif á framvindu mála. Ekki sitja hjá og gagnrýna síðan þær ákvarðanatökur sem teknar hafa verið á þinginu. Það er ýmislegt sem þarf að fjalla um og taka ákvarðanir um. Ég hvet ykkur sem flest til að mæta og láta heyra í ykkur. Svo eru að sjálfsgöðu skólarnir á þinginu, formannaskóli, ritaraskóli, gjaldkeraskóli og skóli fyrir svæðisstjóra, sem eru nauðsynlegir fyrir framhaldið í starfi Lions. Það hefur verið auglýst eftir framboðum t.d. í starf 2. varaumdæmisstjóra á svæði 109A. Áhugasamir hafi samband við undirritaðan. Það kemur fram í aprílblaðinu hverjir verða í framboði.

Ég hef gegnt starfi Umdæmisstjóra þetta starfsár og það má segja að verulega hafi reynt á en hlutir gengið upp að mestu leyti þökk sé því góða fólki sem skipar umdæmisstjórn og þeim sem standa mér næst. Fyrir þá sem ekki

vita þá er starfsár umd. stjóra frá 1. júlí ár hvert til 30. júní þ.a.l. lýkur mínu starfsári 30. júní 2017.

Ég get sagt ykkur það að ég sá aldrei fyrir mér að fara þessa leið en ég sé ekki eftir því að hafa látið tilleiðast. Ég hef eignast marga vini og kunningja á þessari vegferð og margir hafa verið tilbúnir að liðsinna mér. Fyrir það er ég mjög þakklátur.

Það sem mér finnst hafa staðið uppúr eru kaupin á nýju Lionsheimili í Hlíðasmára 14, Kópavogi. Þegar þetta er skrifað er það ekki fullklárað en ekki mikið eftir. Næsta starfsár verður það örugglega tilbúið og líklega fyrir. Við erum að vona að marsmánuður verði sá mánuður sem við getum formlega sagt að allt sé tilbúið. Það er oft þannig að þúslíð gengur hægar en maður sér fyrir.

Kolfinna og Magnea sem vinna þar eru alsælur með nýjan vinnustað og við sem erum að funda þarna erum sömu skoðunar.

Ég minni enn og aftur á fjölmæðisþingið sem verður á Hótel Sögu 21.-23. apríl. Vinsamlega skráið ykkur í tíma. Munið að VILJI ER ALLT SEM ÞARF. Lifið heil!

Fréttir af Orkester Norden

ÁNSR þinginu sem haldið var í Reykjavík fyrir skömmu komu nokkur ungmenni sem hafa spilað með Orkester Norden og fluttu tónlist við setningu þingsins. Það var einkar ánægjulegt að fá smá hluta af hljómsveitinni til að spila. Orkester Norden er eins og flest Lionsfólk veit sumarsinfóníuhljómsveit ungs fólks frá Norðurlöndunum og Eystrasaltlöndunum. Lionshreyfingin hefur stutt við bakið á sveitinni bæði með að styrkja íslensku ungmennin með ferðastyrk og með því að greiða hluta af sameiginlegum kostnaði við rekstur sveitarinnar. Ungu fólkið okkar hefur staðið sig með mikilli þryði og verið landi og þjóð til sóma. Eftir því hefur verið tekið hve margt íslenskt tónlistarfólk hefur tekið þátt í að spila með ON. Ástæðan er einföld: Þessi ungmenni eru einfaldlega í fremsta flokki. 160 Íslendingar hafa hingað til spilað með sveitinni en til að komast í hana þurfa þeir að standast „inntökupóf“ Ég vil því hvetja Lionsklúbba til að standa nú sem fyrr við bakið á sveitinni.

Gerður Jónsdóttir
Menningarstjóri MD 109



Meðlimir úr Orkester Norden sem spiluðu við setningu NSR þingsins.

Elísa Guðmarsdóttir, Herdís Ágústa Kristjánsdóttir Linnet, Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir, María Emilía Garðarsdóttir, Þórhildur Magnúsdóttir, Anna Elísabet Sigurðardóttir, Hjörtur Páll Eggertsson ásamt framkvæmdastjóra ON Asbjörn Keiding.

Alþjóðleg fjölskylda

Lions stór-fjölskyldan

Guðrún Björt Yngvadóttir

vara alþjóðaforseti Lions



Heimsóknir – Ferðalög – Lionsviðburðir

Eitt af skyldustörfum alþjóðaforseta er að heimsækja Lionslöndin, til að hitta Lionsfélaga, skoða Lionsverkefni og taka þátt í Lionsviðburðum. Mikilvægir þættir í hverri heimsókn eru samskipti við félagana, sem þurfa að vera upplýsandi og hvetjandi til að styrkja klúbbstarfið og efla umdæmin. Gestgjafarnir sýna forsetunum mikla virðingu og gestrisni, þeir kynna með stolti sitt land, þjóð og menningu. Hér eru nokkra myndir úr heimsóknum á starfsárinu, þar sem gestgjafar búast sínu fegurstu þjóðbúningum.




Noregur




Finnland



Grænland



Búlgaría



Hvíta Rússland



Japan



Bandaríkin - kúrekar



Kanada



Egyptaland

ÞJÓÐBÚNINGAR, ÞJÓÐSÖNGVAR, ÞJÓÐFÁNAR, ÞJÓÐMENNING, ÞJÓÐARSTOLT



Nígería



Úganda



Tanzanía



Indland, Kalkota



Ítalía

Fatlaður íþróttamaður: Þykir vænt um hlutverk sitt í Lionshreyfingunni



Rodenbeck hefur leikið fótbolta í SO síðan 2007.

Það væri hægt að segja að Lionsfélaginn Steve Rodenbeck sé holdgerfingur þess góða anda sem ríkir í kringum Special Olympics (SO), bæði innan og utan vallar.

Sem leiðtogi í sinni heimabyggð, á íþróttavellinum og á vinnustaðnum sýnir hann vel hvaða orku SO íþróttamenn hafa til að láta gott af sér leiða og hvaða áhrif þeir hafa á alla í kringum sig.

Á síðastliðnum 20 árum hefur Rodenbeck tekið þátt í fjölmörgum íþróttagreinum. Hann var stoltur fyrirliði þegar liðið hans vann 3. verðlaun á fótboltamótinu USA Games 2012 í Nebraska. Hann var einnig í vinningsliði í blaki á USA Games 2014 og á heimsleikunum í Los Angeles 2015 náði liðið hans 4 sæti. Allt eru þetta SO íþróttamót. Rodenbeck keppir einnig í hokkí, körfubolta og tennis.

Rodenbeck útskrifaðist frá Fairleigh Dickinson University og fékk verðlaun fyrir frábæran námsárangur. Hann starfar nú sem umsjónarmaður ráðstefnumiðstöðvar og fékk nýlega viðurkenningu fyrir góðan árangur í stafi.

Rodenbeck er mjög virkur í öllu félagslífi í sínum heimabæ og mikill baráttumaður fyrir íþróttum fatlaðra. Hann hefur ferðast víða sem talsmaður SO og haldið fjölmarga fyrirlestra.

Hann er formaður Athlete Congress, samtaka sem halda utan um hagsmunamál SO íþróttafólks í New Jersey.

Rodenbeck er formaður Lkl. Garden State Champions.

Hvað varð til þess að þú gerðist Lionsfélagi?

Ég vildi fá tækifæri til að vinna að góðum málefnum í bæjarfélaginu og að geta hjálpað þeim sem væru hjálparþurfi, sérstaklega fötluðu íþróttafólki

Hvernig hefur Lions gert þig að betri leiðtoga bæði innan íþróttahreyfingarinnar og bæjarfélagsins?

Mér hefur gefist tækifæri til að læra að meta góða samvinnu innan verkefnahóps. Ég hef unnið í fjölmörgum verkefnahópum innan klúbbsins og þar kemur berlega í ljós hvernig góð samvinna hefur áhrif á útkomuna.

Hvaða hæfileika hefur þér gefist tækifæri til að þróa innan Lionshreyfingarinnar?

Leiðtogahæfileika, samstarf og samskipti. Þetta eru líka lyklarnir að góðum árangri.

Hvernig myndir þú auka sjálfbóðaliðastarf Lionsfélaga í þínum heimabæ?

Með góðu samstarfi við aðra Lionsklúbba. Einnig að muna að í góðri samvinnu er ekkert sem heitir "ÉG".

Hvernig sérð þú fyrir þér að leiðtogar íþróttafélögum geti orðið betri leiðtogar með hjálp Lions? Hvað getur klúbburinn okkar gert til að hjálpa?

Gefa þeim tækifæri til að sækja leiðtoganámskeið til að þróa hæfileika sína. Klúbburinn okkar gæti til dæmis kostað eitt slíkt námskeið.

Hvernig sérðu fyrir þér að Lions geti hjálpað betur við útbreiðslu SO?

Fá fleiri Lionsfélaga til að koma og horfa á. Þá sjá þeir hversu mikils virði SO er.

Hvaða skilaboðum myndir þú helst vilja koma á framfæri við aðra Lionsfélaga?

Aðstoða okkur með því að mæta í sjálfböðavinnu við ýmsa viðburði. Minn Lionsklúbbur hefur líka alltaf áhuga á að taka á móti nýjum félögum sem vilja leggja þessu sérstaka málefni lið.

Lionsklúbbur eins og klúbbur Rodenbeck sem hafa helgað sig málefnum Special Olympic hafa nánast allir orðið Champions í nafni klúbbsins. Sumir þeirra eru sérstaklega stofnaðir vegna þessa verkefnis.

Viðtalið við Rodenbeck tók Cassandra Rotolo.

Ítarlegar upplýsingar um samstarf Lionshreyfingarinnar og Special Olympic má nálgast á www.lcif.org.

Þýðing: Kristinn Hannesson



Ásta Sigurrós Sigmundsdóttir

Jafnaldri Lions, 100 ára

Fyrir nokkru heimsóttum við Guðrún Björt Yngvadóttir verðandi alþóðaforseti og Jórunn Guðmundsdóttur fv formaður í Lkl. Ýr Lionskonuna Ástu S. Sigmundsdóttur úr Lkl. Ýr. Tilefnið var að hún sem elsti núlifandi lionsfélaginn Íslandi, verður 100 ára á þessu ári. Ártalið er líka skemmtilegt fyrir Lions, því Ásta fæddist 1917, árið sem Melvin Jones stofnaði Lions.



Hjónin Ásta S. Sigmundsdóttir og Gunnar Þ. Þorsteinsson.

Ásta er fædd og uppalin á Ísafirði. Hún missti ung föður sinn en móður hennar tókst að halda saman fjölskyldunni með mikilli vinnu. Ásta fluttist ung suður til Reykjavíkur og 25. mars 1947 giftist hún Gunnari Þ. Þorsteinssyni, sem var félagi í Lkl. Muninn

Kópavogi, en hann lést 11. október 2008. Ásta starfaði lengi sem kaupmaður í Kópavogi og rak verslunina Kópavogur (stundum kölluð Steinabúð).

Það var gaman að koma til Ástu. Þar var búið að baka til að taka á móti gestum og margt spjallað. Ásta er þrátt fyrir háan aldur frábærliga hress og tók þátt í samtali okkar eins og bráðung væri. Hún býr ennþá í sínu húsi og hugsar að mestu um sig sjálf með aðstoð barna sinna. Hún á þrjú börn og eina stjúpdóttur. Beinn ættleggur hennar er orðinn 27 manns, en þar sem börn og barnabörn hafa stofnað fjölskyldur, telur fjölskyldan nú 68 alls. Það er ærið að fylgjast með öllu því fólki.

Jórunn sagði okkur frá Lionsstarfi Ástu en hún gekk í Lionsklúbbinn Ýr við stofnun hans 29. mars 1984 þá 67 ára. Ásta var og er frábær félagi, alltaf tilbúin að taka þátt í öllu því sem við var að fást hverju sinni í klúbbnum, stórum verkefnum sem smáum. Sérstaklega sá hún um að útdeila gleði, hlýju og fæðu svo að öllum liði vel.

Hún stóð samt á sínu og gat líka verið ákveðin ef þess þurfti með. Þegar aldurinn færðist yfir og nefndaskyldum lauk var hennar hlutverk að lesa fyrir okkur Jóluguðspjallið á desember fundinum, það var alltaf ljúf og hátíðleg stund. Nú gleðjumst við með henni á þessu 100 ára afmælisári hennar og Lionshreyfingarinnar og vonumst til að fá hana á fund fljótlega.



Ásta er Melvin Jones félagi og er mjög stolt af því.

Í tilefni þessa áfanga afhenti Guðrún Björt Ástu viðurkenningu alþjóðforseta.

Síðan vildi svo skemmtilega til að nú í janúar var haldið Norrænt Lionsþing NSR í Reykjavík. Á því þingi voru heiðraðir elstu Lionsfélagar á Norðurlöndum og var Ásta sú eina sem mætti þar í eigin presónu. Hún gekk að mestu óstudd í salinn og tók á móti vegsemdaskjöllum og blómum. Aðrir eldri Lionsfélagar frá hinum Norðurlöndunum fengu sínar viðurkenningar sendar heim. Með Ástu komu klúbbfélagar hennar úr Lkl. Ýr og þrjú börn hennar.



Ásta með klúbb-félögum sínum úr Lkl. Ýr.



Óðinn sonur Ástu, Ásta, Guðrún Björt og Árni Hjaltason fjöllumdæmisstjóri.

Munið minningarkort Lions
 Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu
 Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.



Lions 100 ára 1917 – 2017

Hörður Sigurjónsson

kynningastjóri

Pálmi Hannesson

aldarafmælisstjóri



Á gætu Lionsfélagar! Eins og ykkur er öllum kunnugt þá er í ár 100 ár síðan hinn ágæti maður Melvin Jones stofnaði Lionshreyfinguna, af því tilefni höfum við í kynningar og afmælisteyminu ákveðið að fara þess á leit við ykkur ágætu félagar að koma með okkur í það verkefni að efna til kynningar á Lions um allt land í marsmánuði. Það er hugsað þannig að klúbbar eða svæði ákveði einhvern dag eða helgi í marsmánuði til að kynna hreyfinguna og starfið sem fram fer í klúbbunum á hverjum stað. Þetta er tilvalið verkefni fyrir klúbba á svæðunum til að standa sama að þessari kynningunni og framkvæma hana saman. Verið er að útbúa nýjan kynningarbækling fyrir fjöllumdæmið og hann á að vera tilbúinn til dreyfingar í marsmánuði. Við munum aðstoða klúbbana að fremsta megni við undirbúning að kynningunum. Best er að þessar kynningar fari fram á fjölsóttum stöðum, eins og td. verslunarmiðstöðum og öðrum stöðum þar sem fólk kemur saman, mikið atrið er að klúbbar verði sýnilegir og noti klúbbfánana sína. Hægt er að fá lánaðan kynningastand þar sem fram koma helstu áhersluatriði Lions á

afmælisárinu og einnig stendur Kia Rio Lionsbíllinn ykkur til boða, hann vekur alltaf athygli þar sem hann kemur og er góð auglýsing fyrir okkur. Gott er að dreifa þessum kynningum á allar helgar í mars svo ekki séu allir á sama tíma og að við séum sýnileg um land allt allan mánuðinn.

Við viljum hvetja ykkur til að hafa styrktarmerki Guðrúnar Ingvadóttur verðandi alþjóðaforseta til sölu á staðnum til að styrkja hennar framboð til alþjóðaforseta Lions, hún tekur við sem forseti á alþjóðþinginu í Las Vegas í júní 2018, merkið má nálgast á skrifstofunni okkar.

Það er von okkar að sem flestir klúbbar sjái sér fært að standa að þessu verkefni til að kynna hreyfinguna vel fyrir landsmönnum og ekki síður að efla félagsandann hjá okkur sjálfum.

Ýmislegt annað er á döfinni í tilefni af þessum merku tímamótum, haldin verður vegleg afmælishátíð í lok á Lionsþingsins nú í apríl og viljum við hvetja ykkur til að mæta þar. Þessi hátíð kemur í stað hins hefðbundna lokahófs er að sjálfsgöðu fyrir alla Lionsfélaga, nánari dagskrá verður kynnt síðar.

Endilega hafið samband við okkur ef ykkur vantar frekari upplýsingar.

Lions og afmælisteyminu

Hörður Sigurjónsson kynningastjóri, hordsig@simnet.is

Pálmi Hannesson aldarafmælisstjóri, palmiha@simnet.is



Fræðslukorn

Árið 1989 var fyrsta alþjóðlega friðarveggspjalda samkeppnin haldin fyrir ungt fólk um allan heim til að tjá listræna sýn sína um frið. Á hverju ári síðan hafa lionsklúbbar um allan heim styrkt keppnina í samfélögum sínum í skólum og í gegnum æskulýðs- og tómstundastörf.

Hvert veggspjald er dæmt fyrir frumleika, listræna verðleika og tjáningu á þemanu sem er hverju sinni.

Veggspjöldin fara í gegnum nokkur stig dóma: nærsamfélagið, umdæmið, fjöllumdæmið og alþjóðlega umhverfið. Á alþjóðlegum vettvangi eru dómarrar tengdir listum, frið, æsku, menntun og fjölmiðlum sem velja einn sigurvegara og 23 fá viðurkenningu.

Þýðandi: Sigfríð Andradóttir
Lionsklúbbi Búðardals
GLT fulltrúi 109B





Guðmundur Ingimundarson.

Viðtal við Guðmund Ingimundarson stofnfélaga í Lionsklúbbi Borgarness



Lionsklúbbur Borgarness fagnar 60 ára afmæli um þessar mundir, en klúbburinn var stofnaður í apríl árið 1957. Meðal stofnfélaga klúbbsins er Guðmundur Ingimundarson. Guðmundur var þrítugur þegar hann tók þátt í að stofna Lionsklúbbinn í Borgarnesi og líkt og klúbburinn þá fagnar hann tímamótum um þessar mundir. Þrátt fyrir að vera kominn á tíræðisaldur er

Guðmundur í fullu fjöri og tekur ennþá þátt í störfum klúbbsins. Lionsfélögum í Borgarnesi þótti því við hæfi að taka hús á Guðmundi og spyrja hann spjörnum úr um starfsemi klúbbsins undanfarin 60 ár.

Í upphafi er rétt að forvitnast aðeins um hverra manna Guðmundur Ingimundarson er og hvað hefur hann bardúsað um ævina?

Guðmundur er fæddur þann 9. mars 1927 og uppallinn í Borgarnesi, sonur Ingimundar Einarssonar og Margrétar Guðmundsdóttur frá Hundastapa á Mýrum. Hann er elstur í hópi sex bræðra sem allir bjuggu lengst af í Borgarnesi. Þeir bræður lögðu víða hönd á plóg, bæði í atvinnulífi staðarins sem og í félagsmálum. Guðmundur er giftur Ingibjörgu Eiðsdóttur og eiga þau tvö börn Margréti og Pálma.

Guðmundur hóf störf hjá Kaupfélagi Borgfirðinga 14 ára gamall þann 1. október 1941. Hann lærði bakaraið hjá kaupfélaginu og starfaði þar uns hann tók við rekstri Essó stöðvarinnar við Borgarbraut árið 1964. Síðar meir þegar að Essó og Kaupfélagið opnuðu Hyrnuna árið 1991, eina glæsilegustu ferðamannaverslun landsins, varð Guðmundur yfirmaður þar og gegndi því starfi til 1998 þegar hann lét af störfum sökum aldurs.

Hann hefur víða komið að félagsstörfum, var m.a. kosinn í hreppsnefnd Borgarneshrepps árið 1962 og varð oddviti hennar átta árum síðar eða 1970. Guðmundur var í forsvari fyrir Borgarnes á miklum uppgangstímum á áttunda áratugnum þegar brúin yfir Borgarfjörð var byggð og hitaveita lögð um bæinn. Hann sat í hreppsnefnd allt til 1982 eða í 20 ár samfellt.

Hver var aðdragandi að stofnun Lionsklúbbs Borgarness?

Sigurður Gíslason byggingameistari flutti í Borgarnes fljótlega eftir 1950 og hann átti frumkvæði að stofnun klúbbsins. Guðmundur, ásamt fleirum, lagði Sigurði lið við undirbúning að stofnuninni og var einn af fimmtán stofnfélögum. Guðmundur var varaformaður í fyrstu stjórn og hefur síðan gegnt ýmsum trúnaðarstörfum. Hann var útnefndur Melvin Jones félagi árið 1992.

Lionsklúbburinn hefur víða komið við á 60 ára ferli og tekið þátt í ýmsum skemmtilegum verkefnum fyrir samfélagið, en hvaða verkefni standa upp úr þegar þú hugsar tilbaka?

Klúbburinn kom strax að ýmsum samfélagsverkefnum. Guðmundur rifjaði upp aðkomu klúbbsins að uppbyggingu fyrsta leikvallarins í Borgarnesi sem stóð þar sem Alþýðuhúsið er í dag við Sæunnargötu. Þá stóðu félagar fyrir áramótabrennu um árabíl og ýmislegt var gert til fjáröflunar svo sem ljósaperusala og leikfangahappdrætti á adventu sem ennþá er ein af fjáröflunum klúbbsins og er í hugum margra orðin hluti af jólahaldi í Borgarnesi.

Eldri félagar í Lionsklúbbum rifja það stundum upp að á áttunda áratugnum voru fimm af sjö hreppsnefndarmönnum í klúbbum. Hvernig gekk umræðan á fundum þegar svo var?

Þetta varð til þess að ef einn af hreppsnefndarmönnum tók til máls á fundum þurftu við allir að tala segir Guðmundur og ekki síst ef bæjarmálin bar á góma. Þetta var líflægur tími og mikið skrafað og skegggrætt. Þess má geta að á þessum árum var Sveinn G. Hálfánarson núverandi formaður klúbbsins varaoddviti í hreppsnefndinni og sátu þeir hlið við hlið Guðmundur oddviti og Sveinn varaoddviti og þegar oddvita þótti varaoddvitinn orðinn heldur glannafenginn í tali þá danglaði Guðmundur í legginn á Sveini og gaf honum þar með merki um að fara varalega í yfirlýsingum. Það er mikið hlegið við kaffiborði hjá Guðmundi þegar þetta er rifjað upp.

Á Lionsklúbburinn sama erindi við samfélagið í og dag og hann átti 1957 eða hafa tímarnir breyst?

Tímarnir hafa breyst. Í dag er erfiðara að fá fólk til starfa í félagasamtökum eins og Lions. Um tíma voru ríflega 50 félagar í Lionsklúbbi Borgarness, en í dag eru þeir 25. Félagasamtök eins og Lionsklúbbarnir eiga alltaf erindi við samfélagið.

Hvað er það í starfi Lionshreyfingarinnar sem hefur gert það að verkum að þú hefur samfellt í 60 ár tekið þátt í starfi hennar?

Starfið í Lionsklúbbi Borgarness hefur verið skemmtilegt og gefandi. Við höfum farið í ógleymanleg ferðalög sem hafa verið krydd í tilveruna og á árum áður lögðum menn mikið á sig þegar farið var í slíkar ferðir, bæði innanlands sem erlendis. Þetta hefur verið góður tími sagði Guðmundur.

Við látum þetta vera lokaorðin og þökkum Guðmundi og Ingibjörgu fyrir höfðinglegar móttökur og ánægjulegt spjall.



Guðmundur og Ingibjörg á lionsfundum nr. 1000 (17. janúar 2014).



Guðmundur tilbúinn í brottför.



Guðmundur og Kristófer (heitinn) ræða málin í Knarranesi.

Lionshreyfingin og Medicalert á Íslandi

Lúðvík Andreasson

Formaður MedicAlert á Íslandi



Á myndinni eru Guðjón Jónsson gjaldkeri, David Leslie forstjóri MedicAlert og Lúðvík Andreasson MedicAlert stjórnari.

Flestir vita nú að Lionshreyfingin hér á landi hefur rekið MEDICALERT sem er sjálfseignastofnun sem starfar án ágóða undir stjórn og verndarvængs Lions hér á Íslandi. Lionsfélagar vinna við þetta verkefni í sjálfböðavinnu og hafa gert frá upphafi. Við höfum 3 lækna sem eru Lionsfélagar og fara yfir nýjar skýrslur í sjálfböðavinnu.

OKKURVANTAR NÚ FÉLAGA TIL AÐ KOMA INN Í REKSTUR OG AÐ GRAFA Á MERKIN FYRIR MEÐLIMI.

En hvað er MedicAlert og hvert er hlutverk þess?

MedicAlert – merki sem bjargar mannlífum. Skoðið heimasíðu okkar www.medicalert.is.

Mikil og góð samvinna er hjá MedicAlert á Íslandi og LSH en tölvukerfi þeirra og okkar eru tengd saman þar sem skrá meðlima er geymd hjá þeim. Einnig höfum við haft mjög góð tengsl við slökkviliðsstjóra Jón Viðar og Félag slökkviliðs og sjúkraflutningsmanna en nýja myndbandið okkar hefur hitt rækilega í mark og hefur orðið mikil aukning á notendum á s.l. ári vegna birtingar þess. Skoðið myndbandið á heimasíðu okkar.

Um miðjan janúar s.l. kom í heimsókn til okkar forstjóri MEDICALERT David Leslie. Hann hafði séerstakan áhuga á að skoða reksturinn hjá okkur þar sem hann sagði að þetta væri einstakt að MA rekstur væri í beinni línu inn á sjúkrahús sem svarar neyðarkalli. Fórum við með hann á slökkvistöðina, á Bráðavakt Landsspítalans og fleiri staði.

David var mjög hrifinn af gangi okkar með reksturinn og hvernig við vorum í sambandi við alla aðila beint en hvergi í heiminum er sama fyrirkomulag og hér þar sem bráðavakt spítala svarar hringingu til að veita upplýsingar í neyð til viðkomandi aðila.

Skristofa MedicAlert er í Hlíðasmára 14 í Kópavogi á fyrstu hæð í nýja Lionsheimilinu okkar og er síminn þar 533 4567. Heimasíða MedicAlert er www.medicalert.is. Á heimasíðunni má sjá margar mismunandi útfærslu á þeim merkjum sem eru í boði bæði fyrir börn og fullorðna.

Umsóknareyðublöð er að finna bæði á heimasíðu og einnig á skrifstofu.

Fréttir af Lionsklúbb Hveragerðis

Sunnudaginn 22. janúar afhenti Lionsklúbbur Hveragerðis deild Rauða Krossins í Hveragerði þrjá nýja og vandaða barnabílstóla með aðstoð verzlunar Byko á Selfossi. Eru stólarnir ætlaðir Sýrlensku flóttafjölskyldunni í Hveragerði.



Helgi Kristmundsson formaður Hveragerðisdeildar Rauða Krossins, Daði Ingimundarson formaður Lkl. Hveragerðis, Fjóla Einarsdóttir verkefnastjóri Rauða Krossins, og Birgir S. Birgisson Lkl. Hveragerðis, við afhendingu stólanna

Lionklúbbur Laugardals

Lionsklúbbur Laugardals var stofnaður 13. Maí 1972 af 22 mönnum frá Laugarvatni og úr sveitinni. Stofnskrárhátíðin var haldin í Héraðsskólanum á Laugarvatni með tilheyrandi ræðum, mat og dansleik. Móðurklúbbur hans er Lkl. Hveragerðis. Aðal hvatamaður hér heima var án efa Eiríkur Eyvindsson en útbreiðslustjórar frá umdæminu voru þeir Gunnar Ásgeirsson, Volvó, og Björn Guðmundsson klæðskeri, Herra-húsinu, uppallinn á Laugarvatni. Þeir brýndu stálið, og við tókum nokkuð vel við okkur strax frá byrjun. Við höfum stofnað aðra klúbba,

Lkl. Þorlákshafnar 27. maí 1975 og Lkl. Skjaldbreið 13. maí 1982.

Fjárafllanir

Það var ýmislegt gert til að afla fjár; spilakvöld, bingó, perusala og klósettpappírssala. Við keyptum fisk í Þorlákshöfn og gerðum að honum heima og seldum síðan. Við lékum jólasveina og bárum út pakka á aðfangadag o.fl. o.fl. En stærsta fjáröflunin var þó rekstur gufubaðsins og bátaleiga sem við ýmist smíðuðum eða keyptum.

Við tókum þátt í sölu Rauðu fjaðrarinnar með umdæminu.

En tímarnir hafa breyst, önnur félög hafa tekið upp sumt af þessu sem við vorum með og bátana seldum við og gufubaðið var rífið. En eins og sjá má á reikningsyfirlitum okkar frá fyrri tíð þá lifðum við aðlaga á vöxtum, og þeir hafa farið síminnkandi.

Eftir að fjölgaði í klúbbum höfum við svo tekið að okkur umhirðu á grafreitnum á Laugarvatni og nú síðast fúavörn á tréverkinu við sparkvöllinn hjá grunnskólanum.

Skógarhögg og umhirða á öðrum stöðum hefur reynst góð tekjulind.

Göngustígar utan í Laugarvatnsfjalli og upp á það eru í meðferð.

Þá er skótuveisla á Þorláksmessu orðin ágæt fjáröflun og góð samkoma.

Fjáruflát

Það sem við höfum gert við þessa peninga sem inn hafa komið er ótrúlega margt.

Allt hefur þetta runnið til góðgerðamála. Við keyptum töluvert af tækjum í læknesalið sem var hér á Laugarvatni, styrkjum reglulega Björgunarsveitina Ingunni sem við reyndar stofnuðum á sínum tíma. Þá höfum við styrkt foreldra veikra barna og einstaklinga sem farið hafa í sérstaka læknesmeðferð. Sent unglinga sem skiptinema til útlanda og tekið á móti öðrum í samvinnu með klúbbum á okkar svæði.

Séð um jólatréð í Bjarnalundi og kerta-fleytinguna á vatninu og svo hitt og þetta smávægis.



Létum gera útsýnisskífuna við tjaldmiðstöðina. Hlóðum upp varphólma fyrir álfina, sem hún misskildi eitthvað og hætti að verpa þar, móðguð, en gæsin notar sér aðstöðuna.

Settum skilti við allar ár í sveitinni, sáðum í rofabörð og ótal margt fleira.

Félagsmál

Eins og áður kom fram vorum við með spilakvöld og bingó. Við höfum líka verið með konukvöld þar sem konunum var boðið út að borða og smá skemmtiatriði fylgdu.

Það var farið í leikhúsferðir og stundum danshús á eftir.

Skemmtiferðir að vori eða hausti voru farnar stundum með krakkana með okkur og stundum var tjaldað. En þetta breyttist nú, okkur fækkaði svo mikið og börnin hættu að koma með, orðin svo stór, þannig að síðustu árin fórum við bara í stórum jeppa með smá „lög í flöskunni og flatköku í töskunni og komum öskufullir heim“.

Eins og Helgi Björns syngur um.

Við fórum yfirleitt ekki í lengri ferðir en það að við sáum heim, en ég hef trú á að þetta breytist eitthvað núna með nýjum félögum.

Ég var spurður að því á fundi hvort það mætti taka börnin með í svona ferðir.

Ég taldi það ekki ráðlegt og var þá spurður... af hverju mátt þú það?

En fjórir af sonum mínum eru í klúbbum.

Melvin Jones skjöldinn hafa 10 félagar fengið og þar af er einn progressive félagi.

Klúbburinn er nú orðinn 45 ára og í honum hafa starfað 85 félagar í lengri eða skemmri tíma. Af þeim eru 19 látnir og 33 hafa hætt af ýmsum ástæðum og nú eru 29 í klúbbum, þar af 2 stofnfélagar.

Það gefur augaleið að eftir að hafa verið aðeins 11 í ein 10 ár, þá er það mikil breyting á klúbbstarfinu að fá nánast á einu ári 21 nýliða, allt unga og áhugasama menn, fulla af nýjum hugmyndum. En við þessir eldri höfum samt hugsað okkur að fylgja þeim vel eftir og passa þá. Ég hef verið spurður að því hvernig tókst ykkur að fá svona marga stráka í klúbbinn í einu, og svar mitt er bara að þeir þekkja klúbbstarfið eru margir fluttir af staðnum og sáu þarna gott tækifæri til að hittast og láta gott af sér leiða í gömlu sveitinni sinni. Nú eru í klúbbum 2 Hafnfirðingar, 6 úr Reykjavík, 2 úr Biskupstungum, 1 úr Þingvallasveit, 4 úr sveitinni og 14 á Laugarvatni samtals 29.

Samantekið 3. feb. 2017

Hilmar Einarsson.

Fréttir frá Lionsklúbbum Geysi

Lionsklúbburinn Geysir er byrjaður á sínu 33. starfsári. Í klúbbum eru núna 30 félagar en við stofnun hans árið 1984 voru stofnfélagar 25 og eru nokkrir þeirra enn starfandi. Fundir eru tveir í hverjum mánuði frá september fram í maí. Fundaraðstaða klúbbsins er í Bergholti. Gjarnan eru fengnir fyrirlesarar á fundina eða farið í heimsóknir innan- sem utansveitar. Farið er á staði sem áhugavert er að heimsækja, undantekningarlaust er okkur vel tekið. Ýmist er okkur boðið í heimsókn eða við boðum okkur í heimsóknir. Með þessu kynnumst við starfsemi af ýmsum toga sem stunduð er í nágrenninu og aðrir kynnst okkur og okkar verkum.

Hvert haust förum við í dagsferð og bjóðum mökum okkar með. Í þetta sinn var farið í Fljótshlíðina. Fararstjóri var Magnús Halldórsson á Hvolsvelli. Á vorin förum við í makalaus ferð. Síðasta vor heimsóttum við fyrirtæki í Mosfellsbæ og nágrenni. Vorið 2015 fórum við upp á Akranes og það haust skoðuðum við Flóann undir leiðsögn Baldurs Sveinssonar frá Drumboddsstöðum.

Við höfum nokkrar leiðir til að afla fjár í verkefnasjóð klúbbsins. Þar er fyrst að nefna Villimannakvöld sem við höldum í febrúar ár hvert. Það næsta verður 17. febrúar 2017. Þar er étið saltað hrossakjöt og hrossabjúgu með tilheyrandi meðlæti. Þetta eru allt að 180 manna samkomur, án kvenna fyrir utan Steinu Bjarna sem sér um eldamennskuna. (Áhættuverk). Aðrar fjáraflanir eru hreinsanir með þjóðvegum, útgáfa símaskrár og önnur tilfallandi verk sem við fáum greitt fyrir.

Það fé sem við öflum látum við renna til ýmissa góðra mála. Við leggjum áherslu á að láta gott af okkur leiða hér í nærsamfélaginu. Meðal annars höfum við á þessu ári gefið Félagi eldri borgara í Biskups-tungum, boccia boltasett. Íþróttamiðstöðin í Reykholti fékk viðbótar eftirlitsmyndavél. Leikskólinn Álfaborg átti að fá leiktæki á lóð sína í tilefni af 30 ára afmælinu en það frestast þar til fundinn verður framtíðarstaður fyrir hann. Einnig höfum við látið pening af hendi rakna í „Sjóðinn Góða“ sem er samstarfsverkefni Lionsklúbba í Árnessýslu, Rauða Krossins og Kvenfélaga í Árnessýslu. Jafnframt höfum við látið dálitla upphæð í Innlenda hjálparsjóð Lions og Alþjóða hjálparsjóð Lions. Fyrir utan að safna og gefa fé til ýmissa góðra mála höldum við í heiðri málshættinum; Maður er manns gaman.

Með Lions kveðjum, Helgi Guðmundsson, formaður.



Stjórnir Lkl. Geysir 2015-2017 Talið frá vinstri: Hjalti Ragnarsson, Þorsteinn Þórarinnsson, Þórarinn Þorfinnsson, Snorri Guðjónsson, Helgi Guðmundsson og Guðmundur Ingólfsson.



Villimannakvöld haldið í Aratungu 2016.



Vorferð í Mosfellsbæ.

Styrkur frá Lionsklúbbi Hveragerðis

Þann 27. janúar afhenti Lkl. Hveragerðis Leikfélaginu í Hveragerði fjárstyrk í tilefni 70 ára afmælis þess síðarnefnda. Vár það gert í lok frumsýningar verksins „Naktir í náttúrunni (Full Monty)“. Söguviðinu hefur verið breytt og snýr að Hveragerði og atvinnulausum félögum sem voru meðal annars að vinna við garðyrkju og fléttast þarna inn í sýninguna t.d. Eden, heilsuhælið, tívolíið og auðvitað garðyrkjan. Félagar Lkl. Hveragerðis nutu sýningarinnar og mæla heilshugar með verkinu.



Daði Ingimundarson afhendir Leikfélagi Hveragerðis styrkinn, Hjörtur Benediktsson tók við honum af hálfu leikfélagsins.

Fréttir frá Lionsklúbbsi Ísafjarðar

Lionsklúbburinn er stofnaður 25. júní 1957 og verður því 60 ára á þessu ári. Klúbburinn hefur sett sinn svip á samfélagið hérna og þótt hafi fækkað þá er hann sterkur og öflugur með virka og þétta félagsheild. Í gegnum tíðina hefur hann komið að mörgum mikilvægum málefnum í heimabyggð og studdi einstaklega vel við uppbyggingu Bræðratungu sem var sambylí fatlaðra. Félagar fengu lánaðan línubát og reru til fjáröflunar og nutu mikils velvilja útgerðamanna og sjómanna og gera enn. Skötuvinnsla og sala hafa verið aðal fjáröflun klúbbsins síðustu ár en sjómenn hafa veitt og safnað skötu fyrir klúbbinn og gefið. Þá unnum við fisk og verkuðum í harðfisk og seldum hér til fjölda ára við kosningar. Síðustu árin höfum við verið virk í liðveislu við Hlíf, dvalarheimilið, og gefið tæki og tól og einnig á Heilsugæsluna og Sjúkrahúsið á Ísafirði sem veitt hefur okkur mikla ánægju. Klúbburinn heldur skemmtikvöld fyrir eldri borgara og hefur gert í áratugi. Starfsárið 1984-85 gaf Lionsklúbburinn stóran ljósakross í kirkjugarðinn á Skeiði, eftir samvinnu við sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju. Friðgeir Hrólfsson og Vélsmiðja Ísafjarðar sáu um smíði krossins sem er úr skipastáli og sett voru neón ljós í hann og komu allir félagar að þeirri vinnu við uppsetningu. En í tímanna rás þá gáfu neón ljósirn sig og hann var ljóslaus í langan tíma. Til að gera langa sögu stutta

þá ákváðu félagar í vetur að taka sig til og laga gjöfina. Var hann sandblásinn af vélsmiðju Mjölnis í Bolungarvík og Póllinn á Ísafirði gáfu okkur vinnu sína við það og Þristur vélsmiðja gaf okkur plastið. Við fengum led ljósirn frá fyrirtæki úr Reykjavík, og viljum við færa þeim hjartans þakkar, en félagar tóku krossinn niður, máluðu og settu upp aftur.

Í nóvember sl. var Lionsklúbbur Ísafjarðar með sykurmælingu og skemmst frá því að segja þá komu um tæplega 400 manns í mælingu sem var í Samkaupum og Bónus á Ísafirði og við vorum með met miðað við höfðatölu. Virkilega skemmtilegt.

Í janúar 2016 var tekið í notkun nýja hjúkrunarheimilið Eyri á Ísafirði. Lionsklúbburinn hefur styrkt það hingað til og er það ætlun okkar að halda því áfram.

Lionsfélagar ætla að halda upp á afmælið og gefa út afmælisrit í vor og eru að spá í að skella undir sig betri fætinum og skreppa í helgarferð en staðsetningin og dagsetningin ekki alveg ákveðin.

*Bestu lionskveðjur frá Ísafirði ,
Bjarnáis formaður*



Myndir úr náttúrunni

Lions-ljósmyndarar

Lions á Íslandi á marga fjölhæfa einstaklinga í sínum röðum, þar á meðal afburða ljósmyndara. Lionsfélagar eru hvattir til að sýna hvað í þeim býr og taka þátt í alþjóðlegu ljósmyndasamkeppni Lions, sem við Íslendingar munum nú í sjöunda sinn taka þátt í. Það er nóg af tækifærum til að taka ljósmyndum í náttúrunni.



Alþjóðleg ljósmyndasamkeppni Lions

Lionsfélagar geta tekið þátt í alþjóðlegu Lions ljósmyndasamkeppninni „Lions Environmental Photo Contest“. Keppnismyndin þarf að vera frummynd, óbreytt, svart-hvít eða litmynd úr náttúrunni – það fer vel á myndir séu úr umhverfi klúbbsins. Árið 1972 samþykkti alþjóðastjórn Lions stefnuyfirlýsingu í umhverfismálum. Markmiðið með keppninni er að sýna fegurð náttúrunnar og kynna umhverfisverkefni Lions.

Dómnefnd metur myndirnar eftir frumleika, listrænum eiginleikum og túlkun á myndefni. Lionsfélagar geta sent ljósmyndir úr sínu umhverfi (án fólks) í einum af eftirfarandi flokkum:

1. Dýralíf
2. Plöntulíf
3. Landslag úr borg eða náttúru
4. Veðrafyrirbrigði
5. Draumur um fullkomlega heilbrigt umhverfi (virði umhverfis okkar í dag og á morgun).



Lionsklúbbur velur og sendir vinningsmynd klúbbsins á Lionsskrifstofuna, í umslagi merkt: **Ljósmyndasamkeppni Lions**. Í lokuðu umslagi með myndinni er skráð nafn Lionsklúbbs og ljósmyndara ásamt síma og netfangi. Myndin á að vera útprentuð: 8"×10" eða 20,3 x 25,4 cm. **Frestur til að skila inn mynd er til 20. febrúar 2017.**

Íslenskum sigurvegum (vinningsmyndum) verða veittar viðurkenningar á þinginu í vor í öllum fimm flokkunum. Einnig verða þær birtar í Lionsblaðinu, á vefsíðu Lions og sýndar á þingstað. Ein mynd verður valin og send út í alþjóðlegu ljósmyndasamkeppnina.

Alþjóðasamband Lionsklúbba „LCI“ sýnir myndirnar á alþjóðþinginu sumarið 2017. Skráðir þátttakendur á þinginu geta greitt atkvæði um „bestu myndina“. Sigurvegarar í hverjum flokki fá viðurkenningu. Sex myndir verða birtar á vefsíðu LCI, þ.e. vinningsmyndir úr flokkunum fimm, ásamt „bestu myndinni“ að mati þinggesta. Úrval mynda mun birtast í Lions-Almanaki, sem gefið er út árlega til styrktar LCIF.

Alþjóðlega vinningsmyndin mun prýða forsíðuna á Lions-Almanakinu 2017.

Upplýsingar

Klúbbar eða Lionsfélagar sem hafa áhuga eða vilja fá nánari upplýsingar, geta haft samband við Kristófer Tómasson, netfang: kristofer.tomasson@gmail.com

Vakin er athygli á að Lionsljósmyndarar bera sjálfir kostnað við myndatökur og framköllun. Vinningsmyndir verða eign LCI – Alþjóðasambands Lionsklúbba. LCI áskilur sér rétt til að hafna keppnismyndum sem uppfylla ekki keppnisreglur, þykja óviðeigandi eða ósæmilegar

Guðrún Björt Yngvadóttir verðandi alþjóðaforseti Lions óskar sérstaklega eftir myndum frá Íslenskum lionsfélögum. Hún mun leitast við að nota myndir Íslenskra lionsfélaga í sínu kynningarefni.

Kristófer Tómasson

Lkl Geysi

Kristofer.tomasson@gmail.com sími 482-2882 og 861-7150



Frétt frá Lionsklúbbi Seltjarnarness

Veittur styrkur til Elligleði

Lionsklúbbur Seltjarnarness hélt sitt árlega þorablót 27. janúar sl. Í Golfskála Nesklúbbsins í Suðurnesi. Heiðurgestir kvöldsins voru fulltrúar Elligleði, sem á undanförunum árum hafa heimsótt hjúkrunarheimili og stofnanir fyrir fólk með elliglöp, alsheimers og sambærilega sjúkdóma.

Margrét Sesselja Magnúsdóttir hóf þessa starfsemi og hefur haldið henni í gangi ásamt Stefáni Helga Stefánssyni söngvara. Starfsemi Elligleði er fólgin í því að Stefán syngur þekkt lög og hefur í frammi gamanmál sem hafa ótrúlega góð og upplífandi áhrif á viðstadda sem oft verða þátttakendur í sprellinu og taka gjarnan undir sönginn. Talið er víst að þetta framtak hafi heilsubætandi áhrif á þá sjúklinga sem njóta og stytti þeim stundir. Hér er um að ræða mjög þakkláta, líknandi starfsemi sem Lionsklúbbur Seltjarnarness hefur styrkt með fjárfram-lögum og hvetur aðra Lionsklúbba til þess sama.

Með Lionskveðju,

*Gunnar Hans Pálsson
Félagi í Lionsklúbbi Seltjarnarness*



Á myndinni er varaformaður Lionsklúbbs Seltjarnarness Guðjón Jónsson að afhenda Margréti Sesselju og Stefáni Helga styrkinn.

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar

Það var glatt á hjalla á fyrsta fundi í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar á þessu nýbyrjaða ári og þéttsetinn bekkurinn. Mæting hefur verið afskaplega góð það sem af er vetri, fundir hafa verið málefnalegir og skemmtilegir og góðir gestir sótt klúbbinn heim. Góður og kærkominn gestur var á þessum fyrsta fundi okkar, sem var sundkonan frækna Hrafnhildur Lúthersdóttir.

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar hefur allt frá árinu 1999 staðið fyrir því að kjósa mann eða konu sem Gaflara ársins í Hafnarfirði, sem að mati klúbbsins hefur á einhvern hátt sett mark sitt á menningu og eða sögu bæjarins. Á þeim nær átján árum sem liðin eru frá því að fyrsti einstaklingurinn Sigurbergur Sveinsson kaupmaður í Fjarðarkaupum var útnefndur hafa nú sautján einstaklingar fengið nafnbótina „Gaflari Hafnarfjarðar“. Á þessum fyrsta klúbbfundum þótti við hæfi að afhenda Hrafnhildi, styttuna góðu með Gaflaranum og sæma hana heiðursnafnbótinni „Gaflari Hafnarfjarðar árið 2017“. Hrafnhildur sem er innfæddur Gaflari

er vel að heitinu komin, sem hefur verið landi og þjóð til mikilla sóma með afrekum sínum og góðri framkomu. Við í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar munum styðja við bakið á þessari ágætu sundkonu eftir því sem við getum, enda er hún eins og formaður okkar, Ingvar Viktorsson sagði. „Stúlkan okkar“.

Senn líður að þorra með tilheyrandi þorra-blótum, þar sem lostafullir hrútsþungar hreiðra um sig, hlakkandi á milli hamslausra hangilæra og hálfkendarlegra andlita sem stara sviðin á sólbrúnu rófustöppuna og axlarfull bokkan bíður óþolinmóð eftir blandinu, það er á næsta fundi okkar sem þessi ljúffengi matur verður á borðum.

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er sagt frá þorra með þessum orðum. „Bóndi átti að fara

fyrstur á fætur allra manna á bænum þann morgun sem þorri gekk í garð. Áttu þeir að fara ofan og á skyrtunni einni, vera bæði berlæraðir og berfættir, en fara í aðra skálmína og láta hina lafa og draga hana á eftir sér á öðrum fæti, ganga svo til dyra, ljúka upp bæjarhurðinni, hoppa á öðrum fæti í kringum bæinn, draga eftir sér brókina á hinum og bjóða þorra velkominn í garð og til húsa. Síðan áttu þeir að halda öðrum bændum úr byggðarlaginu veislu fyrsta þorradag; þetta er „að fagna þorra.“


Í sveitinni minni fyrir norðan, var fyrsti þorradagur nefndur „bóndadagur“ og er það enn í dag og á þá húsfreyja að halda vel til bónda síns.

Bestu kveðjur frá Lionsklúbbi Hafnarfjarðar.

*Friðgeir H. Guðmundsson
Blaðafulltrúi LKH.*



Ingvar Viktorsson og Hrafnhildur Lúthersdóttir



Hrafnhildur með ömmu sinni Hrafnhildi Lúthersdóttur.



Gaflari Hafnarfjarðar árið 2017 Hrafnhildur Lúthersdóttir.



Stjórn LKH. Jón Gunnar, Ingvar og Jón Rúnar ásamt Hrafnhildi.

Fréttir af Lionsklúbbs Mosfellsbæjar



Mikið var um að vera hjá Lionsklúbbi Mosfellsbæjar á liðnu ári, eins og undanfarin ár. Árið byrjaði með því að farið var í Íslenska Erfðagreiningu þar tók á móti okkur Guðmundur Einarsson sem sagði frá starfseminni og var það mjög áhugavert.

Bjarni Guðmundsson frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri kom í heimsókn til okkar og var með fyrirlestur um traktora fyrr og nú.

Við höldum Lionsþing í apríl ásamt Lionsklúbbum Úu. Mikil vinna fylgdi því að halda Lionsþing og vinna þingnefndar stóð yfir í meira og minna rúmlega hálfu ári. Klúbbarnir okkar fengu hrós fyrir vel skipulagt þing.

Herrakvöld var haldið í febrúar, og er það aðalfjáröflun klúbbsins. Ágóði af herrakvöldinu var kr. 2,6 milljónir.

Lokafundur var haldinn í húsnæði Ístex í Mosfellsbæ 13. maí, þá tókum við inn einn nýjan félag.

Alltaf er farið í reiðtúr í lok maí, því það eru svo margir hestamenn í klúbbum okkar.

Útilega hefur verið fastur liður í starfsemi klúbbsins, oftast haldin við Apavatn. Þar hefur verið haldið golfmót „Jóel-open“ í minningu félaga okkar, Jóels Kr. Jóelssonar.

Við byrjuðum starfseminna í haust í september. Héldum sviðamessu í október þar sem mættu 60 manns.

Þá tókum við uppá því að halda púttmót, sem við höldum í vélaskemmu Golfklúbbsins í Mosfellsbæ. Landsnet bauð okkur í heimsókn í október.

Í nóvember vorum við með sykursýkismælingu ásamt Lionsklúbbum Úu, þar mættu 170 manns.

Jólafundur var haldinn í desember og við enduðum svo árið með að keppa í keilu í Egilshöll.

Styrkir og gjafir á árinu:

| | |
|---|----------------------|
| 1. Skólahljómsveit Mosfellsbæjar | kr. 50.000 |
| 2. Lágafellssókn | kr. 400.000 |
| 3. Björgunarsveitinn Kyndill | kr. 500.000 |
| 4. Parkinson samtökin | kr. 100.000 |
| 5. Bólusetning barna í Rússlandi | kr. 75.000 |
| 6. Styrkur vegna framboðs til Alþjóðastj. | kr. 200.000 |
| 7. Alþjóða hjálparsjóðurinn | kr. 102.000 |
| 8. Verkefnasjóður Lions | kr. 37.800 |
| 9. Aðrir styrkir | kr. 250.000 |
| Samtals | kr. 1.714.800 |

Til gamans má geta þess að undirritaður hefur verið í Lionshreyfingunni í 55 ár, 23 á í Lionsklúbbi Hólmavíkur, 5 ár í Lionsklúbbum Suðra Vík í Mýrdal og 27 ár í Lionsklúbbi Mosfellsbæjar.

Stjórn Lionsklúbbs Mosfellsbæjar fyrir þetta starfsár skipa.

Bragi Ragnarsson, formaður

Sveinbjörn Arnarson, gjaldkeri

Þorsteinn Ólafsson, ritari.

Karl E. Loftsson ævifélagi



Fréttir frá Lkl. Grindavíkur

Starf Lionsklúbbs Grindavíkur hefur verið í góðum gangi síðan starfsárið byrjaði. Eins og undanfarin ár byrjuðum við á ferð með klúbbfélögum og mökum. Farið var austur að Vík í Mýrdal í dagsferð. Mjög vel heppnuð ferð að mati þeirra sem í hana fóru.

Sviðamessa var haldin 21. október og var mæting um 100 manns. Hún fór mjög vel fram og fóru menn heim saddir og sáttir. Við fengum heimsókn frá Lionsklúbbum Geysi í „Messuna“. Þeir heimsækja okkur á svona viðburði og við þá þegar Villimannakvöldið er hjá þeim. Þeir eins og við elska góðan mat.

Konukvöldið var haldið 18. nóvember á okkar fundarstað sem er Salthúsið hér í bæ. Mæting hefði mátt vera betri en eins og gengur og gerist fara félagar víða og eru útlöndin hvað vinsælust. Lionsfélagar vítt og breytt um landið kannast við það.

Jólafundurinn var 17. desember og á hann koma lionsfélagar, makar og börn og barnabörn og jafnvel barnabarnabörn. Vel var mætt og að fundi loknum var öllum boðið í súpu og pizzu. Það hefur skapast sú hefð að líknanefnd geri grein fyrir sínum störfum. Gunnar Vilbergsson formaður líknanefndar sá um það fyrir hönd nefndarinnar.

20. desember fóru lionsfélagar í heimsókn á hjúkrunardeild Víðihlíðar í Grindavík og afhentu að gjöf 2 flatskjái tegund Samsung Curved UHDTV 55 tommu með Curved SOUNDBAR. Við fengum síðan TG Raf til að sjá um uppsetninguna.

Framundan er aðalfjáröflun klúbbsins, Kúttmagakvöld, og fer hún fram 10. mars n.k. Þar komast færri að en vilja.



We Serve

Fréttir frá Lionsklúbbi Seltjarness

Við félagar í Lionsklúbb Seltjarness höfum verið að setja upp staura og merki á Seltjarnesi undanfarin ár þar sem gamlar varir og merkir staðir á nesinu eru merktir inn. Það eru myndir af fuglum sem prýða merkin og svo upplýsingar um viðkomandi stað. (Vör eða uppsátur er staður sem bátar voru sjósettir og teknir upp í gamla daga). Þegar gengið eða hjólað er göngustíginn sem liggur með sjónum kring um nesið er hægt að sjá þessa staura þar við.

Fyrsta merkið var sett upp 24. ágúst 1995 og eru þau orðin 32 víðsvegar um nesið. Staurarnir eru rekaviðarstaurar sem koma víðsvegar af landinu, td. Norðan á Skaga, frá Ökrum á Snæfellsnesi og Ófeigsfirði á Ströndum. Félagarnir í klúbbnum hafa sótt þennan rekavið.

Þessar merkingar eru unnar í samvinnu við

Seltjarnanesbæ, Fuglavinafélagið, Landmælingar, Merkingar ehf og ýmsa fræðimenn. Öll merkin eru mynduð og staðsett með GPS hnitum. Þessar merkingar eru svo aðgengilegar (verða) á vef Seltjarnanesbajar.

*Með kveðju
Jón Páll Ásgeirsson*



Lionsklúbburinn Eik, Garðabæ

Í lok júní s.l. var farið að venju í gróðurreit okkar í Smalaholti og áttum við þar góða stund saman.

Við erum mjög stoltar af því að klúbbfélagi okkar Guðrún Björt Yngvadóttir var kosin verðandi alþjóðaforseti Lions. Var það ánægjulegt hve margar okkar gátu mætt í móttöku í Lionsheimilinu í Sóltúni 4. júlí, s.l., sem haldin var henni til heiðurs.

Verkefni klúbbsins eru fjölbreytt. Í mörg ár höfum við á haustin afhent börnum í 2. bekk í grunnskólum bæjarins litabók um brunavarnir og á vorin er haldinn vímuvarnardagur fyrir nemendur 5. bekkjar þar sem ungt fólk úr félagsstarfi í bænum fræðir um skaðsemi vímuefna og hvetur til heilbrigðs lífennis. Síðan er keppt í boðhlaupi milli bekkja í árganginum. Við heimsækjum hjúkrunarheimilið Ísafold árlega með pönnukökuveislu, söng og hljóðfæraleik. Í samstarfi við safnaðarnefnd Garðasóknar sér klúbburinn um ásamt Lionsklúbbi Garðabæjar, að loka Vídalínskirkju alla daga ársins og elda súpu eftir messu nokkrum sinnum á ári. Öll eru þessi verkefni þakklát, vinsæl og gefandi.

Við bættum við okkur verðugu verkefni, þar sem Lionsklúbbar um land allt buðu upp á blóðsykursmælingar helgina 11. – 12. nóvember. Forseti Íslands, Hr. Guðni Th. Jóhannesson tók þátt í þessu sykursýkisverkefni Lionsshreyfingarinnar og mætti með okkur í heimabyggð sinni.

Við leggjum einnig ýmsum öðrum verkefnum lið fjárhagslega.

Gunnar Vilbergsson, umdæmisstjóri mætti á októberfundinn og á nóvemberfundinum gekk inn nýr félagi, Svanhildur Árnadóttir. Meðmælandi hennar er Lissý Halldórsdóttir. Jólafundurinn var hefðbundinn með mökum að vanda, Söngkvartett frá Tónlistarskóla Garðabæjar flutti jólalög, Alveg frábær flutningur, Laufey Jóhannsdóttir flutti hugvekjju og bar saman breytta hætti nútímans á móti hennar eigin æsku á áhugaverðan og skemmtilegan hátt. Við áttum ánægjulegt kvöld, sungum saman jólalögin og fengum góðan mat.

Eftir áramót taka við ný verkefni og ný ævintýri,

*Samskipta- og fjölmiðlanefnd
Sigurveig Sveinsdóttir og Eyrún
Jóhannsdóttir*



Guðrún Björt Yngvadóttir með nokkrum klúbbfélögum úr Eik í móttöku henni til heiðurs.



Glatt á hjalla í Smalaholti.



Blóðsykursmælingar á Garðatorgi.



Frá jólafundi.



Á janúarafundi.



Eikarfélagar afhenda grunnskólabörnum litabækur um brunavarnir.



Gunnar Vilbergsson, umdæmisstjóri og Anna Nilsdóttir, formaður Eikar.



Nýr félagi, Svanhildur Árnadóttir, ásamt meðmælanda sínum, Lissý Halldórsdóttur og Önnu Nilsdóttur, formanni.

Fleiri fréttir frá Lionskúbbi Hveragerðis

Árlegt jólaball Lionsklúbbanna í Hveragerði, Lkl Hveragerðis og Lkl. Edens, var haldið á annan í jólum 26. desember á Hótel Örk. Um 250 manns sóttu ballið. Hjólmsveit lék jólalögin, jólasveinar komu og gáfu smágjafir og dönsuðu kringum jólatréð með börnunum. Boðið var upp á bakkelsi frá Almari bakara og kókómjólk frá MS. Fyrirtækjum í bænum sem styktu ballið með fjárframlögum er kærlega þakkað fyrir. Allir sem að þessu komu gáfu vinnu sína og var frítt inn. Á myndunum má sjá jólasveina með tveimur börnum. Það var Ólöf Ingibergsdóttir sem tók þær myndir.

Í byrjun janúar fór fram árleg keilukeppni milli Lkl. Hveragerðis og Lkl. Edens í keilusalnum í Egilshöll. 8 manns kepptu fyrir karlklúbbinn en 12 fyrir kvennaklúbbinn. Eftir mikinn hamagang í klukkutíma og fríunarorð af beggja hálfu urðu úrslitin þau að stelpnasklúbburinn marði nauman sigur. Á annarri myndinni má sjá Rögnvald Pálmason sýna mikil tilþrif en allt kom fyrir ekki því það var Lionsklúbburinn Eden sem vann keppnina. Á hinn myndinni má sjá Birgir S. Birgirsson kynna úrslitin. Kristinn G. Kristjánsson tók þær myndir.

Vilmundur Kristjánsson



Góugleði Lionskvenna

Verður haldin miðvikudaginn 8.mars á alþjóða baráttudegi kvenna

Gleðin hefst klukkan 20:00

í Haukahúsinu Ásvöllum 1, Hafnarfirði.

Allar konur eru velkomnar

Markmiðið er að eiga saman skemmtilega stund, kynnast, styrkja vinaböndin og kynna Lions.

Skemmtileg dagskrá, léttar veitingar.

Miðaverð 3000 kr. Drykkir á vægu verði.

Takið daginn frá.

Nánar auglýst síðar.

Fleiri konur í Lions
Fleiri konur í forystu

Konur eiga góða samleið með Lions

8. mars 2017



Fréttir frá Lionsklúbbum Muninn

Þann 18. janúar sl. afhenti Lionsklúbburinn Muninn, Kópavogi í tilefni af 100 ára afmælis alþjóða Lionshreyfingarinnar til sjúkraþjálfun Sunnuhlíðar **1. stk. Nustep T5XR fjölþjálfna með fylgihlutum.**

Þetta var einstaklega skemmtilegt að koma og afhenda þetta tæki þar sem fyrsti framkvæmdastjóri Sunnuhlíðar og fyrrverandi félagi okkar í Muninn var viðstaddur Þorgeir Runólfsson en hann er nú vistmaður á Sunnuhlíð.

Við viljum þakka framkvæmdastjóra og starfsfólki sjúkraþjálfunnar fyrir frábærar móttökur. Við vorum sannfærðir um að tæki þetta kæmi sér vel fyrir vitmenn Sunnuhlíðar í nútíð og framtíð.

Upplýsingar um tækið.

Nustep T5XR sitjandi fjölþjálfni (cross trainer). Gefur mjúka og eðlilega hreyfingu, með lágmarksálagi á liði. Góð þol- og styrktarþjálfun fyrir mjög breiðan hóp notenda. Öruggt og þægilegt sæti með örmum sem auðvelt er að lyfta frá. Öryggisbelti. Sæti er hægt að snúa 360° og renna fram og aftur og er það í hjólastólahæð. Hægt að halla baki um 12°. Auðvelt aðgengi er inn í tækið. Fótpedalar með öruggum festingum fyrir fætur, þeir eru með stillanlegt ökklahorn og hægt að hafa pedala hreyfanlega. Skjár er einfaldur og auðvelt að lesa af honum, er með 13 þjálfunarþrögrömmum. Einfalt að stilla arma (lengd) og

einnig snúningi á gripi (40°). Hentar einstaklingum frá 137 - 200 cm háum og allt að 270 kg. Þjálfunarálag 0-1400 Wótt. Mælir hjartslátt með því að tengjast Polar hjartsláttarmæli.

*Með kveðju
Daniel G. Björnsson
blaðafulltrúi LKL Muninn*



Fjölþjálfinn.



Lórens Rafn formaður og Kristján framkvæmdastjóri Sunnuhlíðar við afhendingu gjafarbréfs



Þorgeir Runólfsson fyrrum félagi í Muninn og fyrsti framkvæmdastjóri Sunnuhlíðar.



Félagar í Lkl. Muninn.

Fréttir frá Lionsklúbbi Dalvíkur

Starfið hjá Lionsklúbbi Dalvíkur hefur gengið vel það sem af er vetri. Það má segja að það sé í nokkuð föstum skorðum. Fjáraflanir ganga vel, klúbburinn gaf út auglýsingablað fyrir jól, þar sem leitað er til fyrirtækja um auglýsingu. Einnig nota bæjarbúar og brottfluttir Dalvíkingar sér blaðið til að senda jólakveðjur. Síðastliðið sumar fengum við það verkefni að mála girðingu við Vallarkirkju svo eitthvað kom í kassann hjá gjaldkera.

Við höldum okkar 1000 fund frá upphafi í október, á þann fund komu félagar úr Lkl. Höfða á Hofsósi, en hann er okkar vinaklúbbur. Var sá fundur góður eins og alltaf er þegar við hittumst.

Umdæmisstjóri 109b Björg Bára Halldórsdóttir kom til okkar og kynnti sig og sín stefnumál á sameiginlegum fundi með Lkl. Sunnu.

Blóðsykurmæling fór fram í nóvember í menningarhúsinu Bergi í samstarfi við Lkl. Sunnu.

Lionsklúbbur Dalvíkur gefur öllum fermingarbörnum í Dalvíkurprestakalli áritaðar sálmaþækur með nafni fermingarbarns.

Klúbburinn setur upp jólatré í Dalvíkurkirkjugarði sem er gjöf frá klúbbnum svo nokkur verkefni séu nefnd.

Þannig að verkefnastaða klúbbsins er með ágætum og einnig klúbbstarfið. Okkur fjölgaði um einn á síðasta starfsári og er jafnvel von á einum á þessu starfsári.

Lionsklúbbur Dalvíkur hugsar alltaf vel til dvalarheimilisins á Dalbæ og í vetur færðum við heimilinu að gjöf nýtt hljóðkerfi, sem mun koma að góðum notum við þá viðburði sem fara fram á þessu góða heimili.

Framundan er svo árs hátíð Lionsklúbbs Dalvíkur og Lionsklúbbsins Sunnu þar sem félagar ásamt mökum koma saman og skemmta sér.

*Tryggvi Kristjánsson
Formaður*



Lionsklúbburinn Ýr

Vetrarstarf okkar í Lionsklúbbnum Ýr hófst í byrjun september að vanda.

Fyrsta verkefni vetrarins var „kirkjukaffi“ en þá bjóða félagar í Lionsklúbbnum Muninn öldruðum Kópavogsbúum til kirkju en við Ýrar konur tókum síðan á móti kirkjugestum með kaffihlaðborði að lokinni messu. Þetta er afar skemmtilegt verkefni og jafnan glatt á hjalla. Það dregur nú reyndar hratt saman með gestum og gestgjöfum, þar sem flestar okkar teljumst orðið löglega til hóps eldri borgara.

Lionsklúbbarnir í Kópavogi hafa mörg undanfarin ár staðið sameiginlega að sykursýkismælingum á Smáratorgi. Í ár, sem endranær, mældust nokkrir gangandi vegfarendur með of háan blóðsykur og þurftu því að leita hjálpar. Það er óneitanlega jákvætt að vinna verkefni þar sem árangurinn kemur strax í ljós.

Á NSR þingi Lionshreyfingarinnar sem haldið var á Hótel Sögu í janúar var ákveðið að heiðra alla þá Lionsfélaga á Norðurlöndum sem eru hundrað ára eða jafn gamlir hreyfingunni. Aðeins einn hundrað ára gamall Lionsfélagið mætti á þingið enda fáir á faraldsfæti komnir á þann aldur. Það vakti því mikla hrifningu íslenskra sem erlendra gesta þegar Ásta Sigmundsdóttir, félagi okkar í Lionsklúbbnum Ýr gekk undir lófaklappi upp

að sviðinu til að taka á móti heiðursmerki, blómvöndum, heillaóskum og fleiru. Þetta var hátíðleg stund og snerti óneitanlega strengi í hjörtum okkar Ýrar félaga þegar við sáum þennan glæsilega fulltrúa og góða féлага hljóta verðuga viðurkenningu.

Í haust fitjuðum við upp á nýju verkefni. Við ákváðum að þrjóna fatnað, teppi og fleira, safna saman og senda fatnaðinn til barna er búa við fátækt í illa kynntum húsum í Hvíta Rússlandi. Fatnaðurinn var síðan afhentur á NSR þinginu á Hótel Sögu en það gerði Ásta Sigmundsdóttir Lkl. Ýr. Erik Evang frá Noregi tók við fatnaðinum og hann mun sjá til þess að fatnaðurinn komist á áfangastað. Við höfum ákveðið að halda verkefninu áfram og láta ráðast hvort næsta sending fer utan eða verður gefin hér innanlands.

Hápunktur hvers starfsárs er jólaball sem haldið er fyrir „Félag krabbameinssjúkra barna“ þann 20. desember ár hvert. Ballið sækja fjölskyldur og börn sem ýmist eru að berjast við sjúkdóminn eða hafa sigrað baráttuna. Þátttakendur voru um það bil hundrað að þessu sinni. Við Ýrar konur sjáum um veitingar en jólasveinar halda uppi fjörinu og sjá til þess



að enginn fari tómhentur heim. Auk sælgætispoka var hverju barni að þessu sinni afhentur útskorinn jólasveinn, sem Magnús Steingrímsson Lionsmaður hafði skorið út úr tré. Hvert barn getur því bætt skrauti á jólatréð til minningar um góðan dag.

Starfsárið er rétt hálfnað og spennandi dagskrá framundan. Okkur finnst á stundum að við mættum vera fleiri í klúbbnum en hvað sem segja má um fjöldann þá er alveg víst að innviðir klúbbsins eru ótrúlega sterkir.

Fundir eru haldnir í Lionsklúbbnum Ýr í annan mánudag í hverjum mánuði kl. 18:45 og allir gestir eru að sjálfsgöðu velkomnir.

*Bestu kveður frá Lionsklúbbnum Ýr,
Guðrún Eimarsdóttir, blaðafulltrúi.*



Lions Clubs International
FOUNDATION

Sendiherrar **LCIF** - Alþjóðahjálparsjóðsins - í Lionsklúbbum

Hlutverk:

Að vera tengiliður milli klúbbs og LCIF-stjóra í umdæmi og fjöllumdæmi, svo og við alþjóðlega yfirstjórn LCIF.

Að flytja fréttir og upplýsingar frá LCIF til klúbbfélaga og aðstoða klúbbinn vegna tilnefninga Melvin Jones félaga og vegna stuðnings og styrkveitinga.

LCIF fagnar 50 ára afmæli 2018.
Mikilvægt er að styrkja LCIF
í Lionsklúbbum í samfélaginu.

NÝTT starf:
LCIF-fulltrúar
Lionsklúbba



Lionsfélagar taka lagið - sönglaga arfur íslensks Lionsfólks

Söfnum lögum og textum

Komið þið sæl öll. Það mjatlast smám saman inn textar. Ég fékk skrifstofuna til að senda út bréf frá mér til allra klúbbstjórna. Nokkrir sem ég heyrði frá ætla að senda texta með sniglapósti. Áttu þá ekki á tölvutæku formi. Ég ætla í dag að birta þrjá texta sem mér þóttu athyglisverðir.

Lkl. Embla á sér klúbbsöng sem þær kalla „Herhvöt Emblu kvenna“. Hann er sunginn við lag Beethovens hvorki meira né minna

Herhvöt Emblu kvenna

(lag: Óðurinn til gleðinnar (L. Beethoven))

Emblu konur enn til starfa,
 aukum styrk vors tryggðarbands.
 Vinnum okkar þjóð til þarfa,
 þjónum byggðum Íslands.
 Sinnum heilar hverju verki,
 huggum, líknum eflum dáð.
 Undir Lions mæta merki
 mikil saga verði skráð.

(Höf. Guffi.)

Sterkur og áhrifaríkur texti.

Svo kemur hér texti sterk rímaður sem ég fann á textablaði. Það vantaði forsiðuna svo ég veit ekki frá hvaða samkomu textinn er.

Kannast einhver við þennan texta og þá höfund? Veit einhver við hvaða lag hann er sunginn?

Nú sólin á loftinu ljómar

Nú sólin á loftinu ljómar
 og lofsöngur fuglanna hljómar.
 Veturinn vikur í sæinn
 vorið er komið í bæinn.
 Afmælishátíð er heima
 og hamingjuóskirnar streyma.
 Minningar brosandí bjartar
 og blikíð í augunum skartar.
 Lions til lukku með störfin
 til líknar er allstaðar þörfin.
 Með gleðinni vakandi vinnum
 og verkefni alls staðar finnum.

Svo kemur hér að lokum rosalega flottur texti. Pennan mætti gjarnan syngja í skrudgöngunni á Lionsþingum. Það er flotta að marsera undir þessu lagi og texta.

En hér vantar mig líka höfund textans.

Lionssöngur

(lag: Öxar við ána)

Lagið skal taka, létt skal nú syngja
 ljósvakan tendra og gleðinnar hýr.
 Lions-vaka lífið skal yngja
 leiðis skal njóta í rjúkandi byr.
 Fram, fram, frjálsir og reifir
 fram fram nú er okkar stund.
 Hefjum fánann hærra
 hyggjum að því stærra
 stefnum hátt með léttu lund.

Dagurinn ljómar dagsverkin bíða
 draumsýnir vara og kalla til þín.
 Dagskipan hljómar um fylkingu fríða
 framtíðin minnir á verkefni sín.
 Fram, fram, frjálsir og reifir
 fram fram nú er okkar stund.
 Hefjum fánann hærra
 hyggjum að því stærra
 stefnum hátt með léttu lund.

Ég geri það að tilögu minni að textanum verði dreift og þeir sem fari á þingið lesi hann vel.

Læt ég hér staðar numið að sinni en hvet fólki til að senda mér texta og upplýsingar. **Er ekkert samið og sungið á þorralótum hjá ykkur?**



Jón Gröndal
 jongrondal@internet.is
 Funafold 2 112 s. 8638481

Minning + Hörður Hallbergsson



Hörður Hallbergsson félagi okkar í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar er látinn.

Hörður gekk í LKH. í desember 1976. Hann gegndi ýmsum embættum fyrir klúbbinn okkar. Hann var m.a. gjaldkeri klúbbsins 1981, og í undirbúningsnefnd fyrir Umdæmisþing Lions og formaður þess, þegar það var haldið í Hafnarfirði árið 1984 ásamt því að vera í hinum ýmsu nefndastörfum fyrir klúbbinn. Hörður var góður félagi og lagði oft gott til málanna. Hörður var meðmælandi fjögurra félaga og var með 100% mætingu á 30 ára viðveru

í klúbbum, hann var sæmdur Melvin Jones viðurkenningu fyrir góð störf í klúbbum. Við söknum vinar í stað.

Hörður fæddist í Hafnarfirði í júní 1932 og bjó alla sína tíð þar. Hann lærði rafvirkjun og starfaði í mörg ár hjá RARIK sem línumaður, en starfaði yfir 30 ár hjá Rafveitu Hafnarfjarðar sem yfirverksstjóri, þar til hann varð að hætta vinnu vegna lögblindu. Eiginkona Harðar var Dúfa Kristjánsdóttir. Þau hjón eignuðust þrjú börn en þau eru Bjarney Elísabet, Sigurjón og Jóhanna Elínborg, afabörnin eru orðin tíu og barnabörnin átján.

Svoona er lífsins gangur. Við eigum öll eftir að fara um dalinn dimma. Ef til vill er vitundin um það eitt af því sem gerir okkur mannleg. Við erum í fylgd hins eilífa samtíma manns allra manna á öllum tímum. Við félagarnir í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar vottum fjölskyldu Harðar einlæga samúð okkar og virðingu.

Fyrir hönd klúbbfélaga
 Friðgeir H. Guðmundsson
 blaðafullt.LKH.

Lionsklúbbur Skagastrandar – fréttir

Starfið í Lionsklúbbi Skagastrandar er frekar í föstum skorðum, haldin er fundur einu sinni í mánuði eða þegar með þarf. Við eru ekki margir en gerum okkar gagn fyrir samfélagið og kryddum tilveruna. Aðalfjáröflun okkar er að verka tindabykkju, kæsa hana, tekur það um sex til átta vikur, hófst verkun um miðjan október. Desember mánuður er yfirleitt fjölbreyttur hjá okkur, þá eru flest okkar verkefni unnin. Í aðventunni gáfum við gefið eldri borgurum Jólástjörnu og hefur sú gjöf verið þegin með þakklæti og bros á vör í nokkur ár.

Samhliða skötuveislunni á Þorláksmessu, sem er í boði Fisk-Seafood, fengu bæjarbúar blóðsykurinn í sér mældan í boði Lionsklúbbsins og nýttu um 150 manns sér það. Hjúkrunarfræðingurinn okkar Sigríður Stefánsdóttir ásamt hennar fylgisveini, Lionsfélagi Halldóri G Ólafsyni, sáu um að allt færi rétt fram og þess má geta að heilsufar bæjarbúa var í besta lagi, þessu hefur verið vel tekið, þess má geta að Lionsklúbbur Skagastrandar hefur verið með frá upphafi frá því að mælingar hófust hjá hreyfingunni. Þrír þurftu aðeins meiri skoðun, þeir eru heilsuhraustir Skagstrendingar.

Lionsbarnajólaballið var haldið annan í jólum í félagsheimilinu Fellsborg og sáu félagar um að baka tertur og vöflur, mæting var góð og svo komu jólasveinar í heimsókn, það var hápunkturinn á samkomunni, enda börnin spennit.

Guðmundur Finnogason, formaður.



Pistill frá Fjörgyn í Grafarvogi

Frá síðasta pistli hefur margt gengið vel en annað miður eins og gengur.

Því miður varð að fella niður hefðbundin jólafundur í byrjun desember vegna dræmrar þátttöku. Á þennan fund höfum við boðið mökum okkar til fagnaðar. Einnig varð að fella niður námskeið sem halda átti í byrjun janúar af sömu ástæðu.

Lkl. Fjörgyn í samstarfi við Lkl. Fold hefur um árabíl úthlutað matargjöfum í desember í samstarfi við kirkjurnar í Grafarvogi. Útbúin hafa verið 50 matargjafir. Klúbbarnir sjá um að afla allra aðfanga en kirkjurnar ákveða hverjir fá úthlutað hverju sinni.

Á félagsfund í janúar fengum við góða gesti, Ellert Eiríksson varaumdæmisstjóra og Halldóru Önnu Þorvaldsdóttur svæðisstjóra. Ellert fór yfir ýmis málefni og áherslur í starfi Lionshreyfingarinnar. Það er alltaf gott að vera minntur á mikilvæg atriði og þær áherslur sem yfirstjórn leggur hverju sinni.

Árið 2015 festi Fjörgyn kaup á tveim bifreiðum og afhenti þær BUGL til fullra umráða og afnota. Fjörgyn ábyrgist rekstur bílanna en hefur fengið til samstarfs góða stuðningsaðila.

Í byrjun febrúar var undirritaður samstarfs-samningur milli Fjörgynjar, Sjóvár og N1 sem

tryggir rekstur BUGL-bílanna til næstu þriggja ára. Þetta er okkur ómetanlegur stuðningur við þetta frábæra verkefni.

Á léttfund í byrjun febrúar fórum við í heimsókn til Neyðarlínunnar. Þar tók á móti okkur Tómas Gíslason og fengum við góða kynningu á starfseminni og erum allmiklu fróðari um það frábæra starf sem þarna er unnið af einstöku og hæfu fagfólki. Skoðuðum vinnusvæðið og gátum fylgst með fólki að störfum.

*Hjálmur Steinar Flosason
formaður Fjörgynjar
starfsárið 2016 – 2017*



Matargjafir tilbúnar.



Góðir gestir í heimsókn.



Samningar frágengnir.




Gunnlaugur og Tómas.

Lions Clubs International Lionshreyfingin á Íslandi



Alþjóðlegt Lionsverkefni: Lestraráttak – Barátta gegn treglæsi



Börn í áhættu: Lestrarvandi

Málþing Lions 2017
Skipagötu 14, Akureyri.
Laugardaginn 25. febrúar
klukkan 11:00-13:30

Dagskrá:

Setning: Björn Guðmundsson 1 VDG 109B

Opnun: Soffía Vagnsdóttir fræðslustjóri á Akureyri.

Lestraráttak Lions: Hrund Hjaltadóttir lestraráttaksstjóri Lions

Byrjendalæsi: Halldóra Haraldsdóttir dósent við kennaradeild HA

Lestrar og íslensku aðstoð: Verkefni Lkl. Ylfu á Akureyri.

Gerður Jónsdóttir félagi í Lkl. Ylfu

Áframhaldandi læsiskennsla á efri stigum skólans:

Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir sérfræðingur á miðstöð
skólaþróunar við HA

Lestrarhvetjandi verkefni á skólabókasafni:

Sigríður Margrét Hlöðversdóttir skólasafnskennari og

Sigríður Magnúsdóttir deildarstjóri.

Fundarstjóri Dagný S Finnsdóttir lestraráttaksfulltrúi 109B

Lionsfélagar vinsamlega vekið athygli á málþinginu.

Allir velkomnir – Aðgangur ókeypis

Minning + Sverrir Helgason



Mætur og góður félagi Sverrir Helgason forstjóri gekk til liðs við Lionsklúbbinn Frey árið 1970, tveimur árum eftir stofnun klúbbsins. Hann var dugandi og áhugasamur lionsfélagi og starfaði í klúbbum til hins síðasta. Hann var m.a. formaður klúbbsins og í öðrum störfum í stjórn hans, var öflugur í stjórn fjáröflunar og líknarnefndar og var aðstaða í fyrirtæki hans notuð til funda hjá fjáröflunar og líknarnefnd hin síðari ár. Sverrir fæddist þann 3. ágúst árið 1937 og lést þann 6. desember 2016.

Sverrir var dugandi og góður félagi, mætti reglulega á alla fundi klúbbsins og tók virkan þátt í flest öllum störfum, vinnuframlögum, ferðalögum, merkingaferðum og skemmtunum.

Fyrir störf sín var hann sæmdur æðstu viðurkenningu Lions hreyfingarinnar Melvin Jones Fellow 1996.

Við félagarnir kveðjum Sverri með virðingum og þakklæti og verður hans sárt saknað.

Við sendum fjölskyldu hans innilegar samúdarkveðjur á þessari erfiðu stundu.

Kveðja,
Lionsklúbburinn Freyr.
Guðmundur J. Helgason formaður

Fréttir frá Lionsklúbbum Sunnu Dalvík

Sunnusystur hófu starfsárið sitt annan þriðju- dag í september, búið var að raða í nefndir og undirbúa starfsárið. Október fundurinn var haldinn þann 11. og fengum við 2 konur frá félagsþjónustunni til að fræða okkur um starfið hjá þeim. En svo má nú líka segja frá því að eftirrétturinn sem var í boði hjá Sunnukonum, voru bláber sem voru týnd 10. okt. í Böggvissaðarfjalli, því lík endalaus blíða sem er alltaf hér á Dalvík.

3. nóv. kom Björg Bára umdæmisstjóri, og hélt sameiginlegan fund með Lionsklúbbi Dalvíkur.

9. nóv. héldum við Sunnusystur kökubasar og eins og venjulega, var tekið rosalega vel á móti okkur.

17. nóv. vorum við með blóðsykurmælingu í Bergi, og erum við Sunnukonur svo heppnar að það eru 2 hjúkrunarfræðingar í klúbbum sem sáu um mælingarnar hjá fólkinu.

Um mánaðarmótin nóv/des. komum við lionskonur saman í Bergi þar sem það var aðventurölt, og seldum við kerti og tókum á móti pöntunum fyrir leiðisgreinum, kertin kaupum við lionskonur af Iðjunni á Siglufirði. Iðja veitir fólki þjálfun, ummönnun og afþreyingu. Einnig vinnu við létt verkefni sem vegna fötlunar sinnar þurfa sérhæfða og einstaklingsmiðaða þjónustu. Gaman að segja frá því að þetta er annað árið sem við kaupum af þeim og var ársframleiðsla áður hjá þeim ca 200 stk. en pantanir frá okkur hafa breytt miklu fyrir þau, þar sem við kaupum núna af þeim 300 stk.

Mikil aukning er á kaupum á leiðisgreinum og eru keyptar ca 80 stk af okkur. Komum við saman dagspart og allar konur geta tekið þátt. Sumar klippa vír, aðrar gera slaufur, og svo er bara að setja saman, og hringja svo í þá sem kaupa til að nálgast í greinarnar. En samt er

það stór partur sem kaupir og biður okkur að setja á leiðin.

Desemberfundurinn var yndislega skemmtilegur, mikið sprell, skemmtilegar jólasögur og svo erum við alltaf með bingó.

9. janúar 2017 var haldinn svokallaður sveltifundur, (en aldrei eins mikið borðað) heima hjá stjórnarmeðlim. Virkilega skemmtilegur fundur, 2 nýjar konur teknar inn, og er svo stefnan tekinn á að taka 1 konu inn í febrúar.

*Kærar kveðjur til allra lionsmanna
f.h. Lionsklúbbs Sunnu
Hólfríður Guðrún Skúladóttir*



Nýjir félagar teknir inn.



Sunnusystur í Bergi í sumar.



Bingó :)

Fréttapistill frá Lionsklúbbum Úu



Í október síðastliðnum voru tvær Úur heiðraðar sem Melvin Jones félagar, þær eru Guðrún Ásgerður Jónsdóttir og Anna María Einarsdóttir, þær hafa verið Úur frá upphafi og staðið vaktina í öllu sem Úurnar hafa tekið sér fyrir hendur, einlægur kjarna konur.

Úur héldu sitt árlega Konukvöld á Hvíta Riddaranum í nóvember, þar var glatt á hjalla og þemað var „skrautlegir skór“. Tískusýning, söngur og happadrætti var haldið með fjölda frábærra vinninga, mikið gaman mikið fjör.

Lionsklúbbarnir í Mosfellsbæjar fengu aðsöðu hjá Krónunni, lögðu saman krafta sína og mældu blóðsykur hjá 170 einstaklingum. Þeir sem voru ofan eða neðan við eðlilegt blóðsykursgildi, fengu viðtal við

heilsugæslulækni á staðnum og hvattir til að fara í frekara eftirlit.

Jóla- og afmælisfundur var haldinn í desember. Á níu ára afmæli Úanna bar góða gesti að garði, Vigdís Grímsdóttir las úr bók sinni, Elsku drauma mín og Guðrún Ýr söng nokkur jólalög, séra Ragnheiði var með hugvekju og tók við styrk til fjölskylduhjápar Lágafellsskóknar. Dásamlegur matur og jólasveinninn, þessi eini sanni kom og afhenti gjafir einsog jólasveina er háttur, það lá vel á sveinka þetta kvöld.

*Félaga- og fjölmiðlanefnd
Lionsklúbbsins Úu*

NSR þing í Reykjavík



Hér á síðunni má sjá myndir sem teknar voru á NSR þinginu sem var haldið í Reykjavík 21. -22. janúar. Myndirnar, sem Jón Pálmason tók, tala sínu máli.

